



Þrátt fyrir að atriðið hafi verið sýnt af upptöku komust Daði Freyr og Gagnamagnið áfram í úrslitin í Eurovision. Síðara undanúrslitakvöldið fór fram í gær í Ahoy-höllinni í Rotterdam og var spennan nánast óbærileg. Mikil gleði braust út meðal meðlima FÁSES sem fjölmenntu á Kex hostel í gær þar sem grátið var Eurovision-gleðitárur. Daði mun ekki stíga á sviði í úrslitunum enda Gagnamagnið enn í sóttkví og einangrun. Sama upptaka af atriðinu verður spiluð aftur. Með helgarblaði Fréttablaðsins mun fylgja stigatafla sem lesendur eru hvattir til að nýta sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tapaði hundrað milljónum í svindli

Erlendir glæpahópar hafa haft mikið fé af Íslendingum með netsvindli og telur stærsta tap einstaklings 97 milljónir króna. Yngra fólk fellur fyrir Bitcoin-svindli.

mhj@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Netsvindli hefur færst í aukana á síðustu árum og hafa fjölmargir Íslendingar orðið fyrir barðinu á erlendum glæpagengjum sem svikja fé af fólki gegnum netið. Dæmi eru um að einstaklingar hafi tapað allt að hundrað milljónum króna í netsvindli. Þetta segir Daði Gunnarsson, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, en hann fer með rannsóknir á netbrotum.

„Þetta eru stórar upphæðir. Einstaklingar hafa verið að tapa allt frá

250 evrum, sem eru lægstu upphæðir sem maður hefur heyrt, og svo allt að hundrað milljónum króna,“ segir Daði. Til dæmis hafi lögreglan til rannsókna mál einstaklings sem tapaði 97 milljónum króna.

Daði segir netsvindlið ekki endilega bundið við eldra fólk þó vissulega sé elsti hópurinn líklegri en aðrir til að tapa stórum fjárhæðum.

„Það er allur gangur á þessu. Við erum til dæmis að sjá yngra fólk falla fyrir Bitcoin-svindli,“ segir Daði. „Þú kaupir Bitcoin í gegnum löglegan aðila og lætur síðan þriðja aðila fá rafmyntina í von um skjótan gróða. Það sem við höfum bent á er þessi skjóti gróði. Ef það hljómar of gott til að vera satt er það oftast þannig.“

Svokölluð fjárfestingasvindli hafa einnig verið að færast í aukana að sögn Daða. Þau felist í auglýsingum



Ef það hljómar of gott til að vera satt, er það oftast þannig.

Daði Gunnarsson, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

sem vísi til frægra íslenskra fjárfesta, eins og Jóns Asteigs eða Björgólfs Thors, og einstaklingum sé boðið „að græða milljarða eins og þeir“.

„Þú kaupir þig síðan inn í svona fjárfestingu og svo getur þú fylgst með hvað þú ert búinn að græða mikið á fjárfestingunni en í raun og veru er ekkert annað þar á bak við en stjórnborð hjá brotamönnum. Þeir láta það svo líta út eins og þú sért að græða,“ segir Daði. „Þegar þú vilt fá peningana aftur loka þeir á þig.“ Dæmi séu um að sömu aðilar bjóði aðstoð við að fá peningana til baka gegn greiðslu.

Aðspurður segir Daði oftast um erlenda hópa að ræða. „Þetta eru skipulagðir brotahópar. Við erum í mengi með hinum Norðurlandabjóðunum. Það er verið að herja á okkur á sama tíma með sömu svindlaðferðum.“ ■

Ólafur ánægður með ráðherrafund

thorvardur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, segir fund Norðurskautsráðsins sögulegan og einn þann mikilvægasta varðandi þróun norðurslóða á síðari áratugum. Ísland ljúki formannstíð sinni með glæsilegum hætti og hafi fest sig í sessi sem miðstöð norðurslóða.

Ríki ráðsins hafi náð saman um stefnuskrá ráðsins sem feli í sér nýjung, ekki bara í mállefnum norðurslóða heldur á vissan hátt á heimsvísu, segir Ólafur Ragnar. Það sé nánast einstakt á tímum átaka og upplausnar í fjölþjóðasamvinnu að ríki nái saman um jafn ítarlega stefnuskrá, einkum þegar Bandaríkin og Rússland eru í þeim hópi. — SJÁ SÍÐU 8



Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx

Verð frá 6.990.000 kr.



ID.4 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170



Allt að
480 km.
drægni (WLTP)

Leiðin að núllinu
ZERO



Björn Leifsson, eigandi World Class.

Fjórtán í sóttkví eftir smit á æfingu

mhj@frettabladid.is

COVID-19 Einstaklingur smitaður af Covid-19 fór á æfingu í líkamsræktarstöð World Class í Árbæ fyrr í vikunni og þeir sem æfinguna sóttu eru allir í sóttkví. Þetta staðfestir Björn Leifsson, eigandi World Class, í samtali við Fréttablaðið.

„Það kom smitaður einstaklingur inn í Hot Yoga í Árbæ í fyrradag. Þessir fjórtán sem voru í tímanum eru komnir í sóttkví,“ segir Björn og leiðir líkur að því að um sama einstakling sé að ræða og var í H&M-verslun í miðbænum, þar sem smit kom einnig upp. Hann segir ekkert smit hafa komið upp hjá World Class.

„Það kom smitaður einstaklingur inn, það er mikill munur á því,“ segir Björn sem vonast til þess að sóttvarnaaðgerðir World Class muni halda og enginn smitist út frá þeim smitaða. ■

Mokveiði hjá grásleppukörlum



Gullfari HF-290 landaði grásleppuafanum í Hafnarfjarðarhöfn eftir róður í gær. Veiðin hefur verið feikigóð það sem af er grásleppuvertíðinni. Samkvæmt Aflafréttum hafa fjórir bátar náð yfir 100 tonna afla sem er einsdæmi. Aflahæstur er Sigurey ST með 110,3 tonn úr 21 róðri. Um stærsta grásleppubátinn er að ræða og landar hann í höfuðstað grásleppunnar á Drangnesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sótt að Önnu Kolbrúnu

thorvardur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Þorgrímur Sigmundsson, varabíngmaður Miðflokksins í Norðausturkjördæmi, sækist eftir 2. sæti á lista flokksins fyrir komandi kosningar. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Flokkurinn fékk tvo menn kjörna í kjördæminu í síðustu kosningum, formann flokksins Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Önnu Kolbrúnu Árnadóttir.

Heimildir blaðsins herma að hún hyggist gefa áfram kost á sér og stefnir því í baráttu um 2. sætið milli hennar og Þorgríms.

Stíllt verður á lista flokksins í öllum kjördæmum en enginn þingmaður flokksins hefur gefið til kynna að hann hyggist hætta.

Una María Óskarsdóttir sækist eftir oddvitasæti í Kraganum og



Færri komast að enn vilja á þing.

skorar með því Gunnar Braga Sveinsson á hölm.

Fréttablaðið hefur áður fjallað um leit Miðflokksins að konum til framboðs og hefur Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir, systir formannsins, verið nefnd. Heimildir blaðsins herma þó að hún hafi gefið afsvar. Didda Hólmgrímsdóttir hefur verið nefnd til framboðs í Suðurkjördæmi. Þar stefnir í slag milli þingmannanna Birgis Þórarinssonar og Karls Gauta Hjaltasonar. ■

Bjó til og endurhannaði nýtt Skrímsli við Perluna

Jarðfræðingurinn Margrét Th. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Perlunnar, hannaði nýtt upplásið Skrímsli í vetur á stofuborðinu heima hjá sér.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það er margt hægt að gera ef maður hefur áhuga og fær traust frá stjórnendum. Þetta er mikið draumastarf og að vera með strákunum mínum heima að lita og teikna og sjá það svo saumað með þessum árangri er svolítið magnað,“ segir Margrét Th. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Perlunnar.

Margrét hannaði nýtt Skrímsli, 2.000 fermetra upplásinn skemmtigarð sem, líkt og sá sem var blásinn upp í fyrra, stendur við hlið Perlunnar. Uppselt hefur verið nánast frá fyrstu mínútu en Skrímslið var opnað á uppstigningardag.

Margrét segir að Skrímslið tengist sýningunni innandyra, Undrum íslenskrar náttúru, og sé hægt að hoppa um jöklabraut, sjóinn og auðvitað renna sér niður eldfjall – en ekki hvað. Gosstrókurinn er einmitt vel sýnilegur þeim sem þora að klifra upp. „Við vildum tengja Skrímslið enn betur við sýninguna, þetta er ekki pantað og keypt úr lista heldur er það hannað frá grunni í Suðurhlíðunum. Ég hugsaði hverja braut við íslenska náttúru – sem tengist sýningunni,“ segir Margrét.

„Við komum reyndar til ríkari að verkefninu í ár og höfum bætt nokkra hluti.“ Fyrir yngsta aldursþópinn hannaði Margrét sérstakan stað. „Í fyrra var sér lítill hoppukastali fyrir þau minnstu sem mér fannst smá leiðinlegt. Núna setti ég sér barnahorn inn í Skrímslið fyrir krílin en þau mega líka fara út um allt með forráðamann sér til halds og trausts.“

Ævintýralandið er þó ekki full-



Margrét segist vera ofvirkur jarðfræðingur með milljón áhugamál sem fái 100 prósent að njóta sín í vinnunni í Perlunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Okkur langar að Öskjuhlíð verði miðstöð skemmtunar fyrir alla fjölskylduna. Að Íslendingar geti gert allt hér, því hér er allt.

Margrét Th. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Perlunnar.

gert því Margrét bendir á að Látrabjarg eigi eftir að koma. Það sé hluti sem hún bíði spennu eftir. Af Látrabjargi verður hægt að hoppa niður úr sex og níu metra hæð á sérútbúna lendingardýnu sem er 100 fermetrar og heilir þrjár og hálfur metrar á hæð. Einnig verður hægt að hoppa úr þremur metrum niður á minni dýnu. Stutt er þangað til að 200 metra zip-lína verði einnig tekin í gagnid en eins og Fréttablaðið greindi frá verður hún 200 metra skemmtun og hægt er að ná miklum hraða á leiðinni niður. Rennt verður frá einum tanki og í átt að Kópavogi. Margrét segir að hún verði opnuð í byrjun júní, ef allt gengur eftir.

Það er því ansi margt hægt að gera með einni heimsókn í Perluna því þar er einnig ísgerð, veitingastaður og kaffihús og óborganlegt útsýni. „Okkur langar að Öskjuhlíð verði miðstöð skemmtunar fyrir alla fjölskylduna. Að Íslendingar geti gert allt hér, því hér er allt.“ ■

LYFSALINN
BÍLAAPÓTEK
VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn

www.lyfsalinn.is

Ferðadaggar BL

300.000 kr. aukahlutir að eigin vali*

Komdu á Ferðadaga BL við Sævarhöfða ogaktu út í sumarið á nýjum bíl með veglegum aukahlutum sem passa við áhugamálin þín og lífsstíl.



Magnaður leiðtogi í tíu ár

Nissan LEAF

Verð frá 4.490.000 kr.

100% rafmagn



Rafmagnað ár hjá Renault
5 ára ábyrgð

Renault Captur E-Tech

Verð frá 4.490.000 kr.

Plug-in Hybrid

Renault Megane E-Tech

Plug-in Hybrid

Verð frá 4.790.000 kr.



ISUZU

Fimm stjörnu bylting í pallbílum

Isuzu D-Max Fjór hjóladrífinn
Verð frá 7.090.000 kr.



Tæknileg fullkomnun
4 ára ábyrgð



BMW X3

Fjór hjóladrífinn
Verð 8.490.000 kr.

Plug-in Hybrid



100% rafdrifinn MINI Cooper
4 ára ábyrgð

MINI Cooper SE
Verð 5.190.000 kr.

100% rafmagn



Hannaður fyrir íslenskar aðstæður



SUBARU Forester e-BOXER Fjór hjóladrífinn

Verð frá 7.390.000 kr.



Pakbogur
Fyrir fyrir alla bíla

15% afsláttur!
Verð frá: 45.000 kr.



Hjólafesting á topp
Fyrir 1 hjól

Ferðadagaverð: 23.990 kr.
Fullt verð: 28.990 kr.



Hjólafesting á krók
Fyrir 3 hjól

Ferðadagaverð: 59.000 kr.
Fullt verð: 69.000 kr.



Farangursbox
Stærð: 400l

Ferðadagaverð: 44.000 kr.
Fullt verð: 49.000 kr.

Aukahlutir á frábæru verði!

Við bjóðum fjölda spennandi aukahluta sem fullkomna bílinn þinn og gera áhugamál fjölskyldunnar ennþá skemmtilegri. Skoðuðu úrvalið á www.bl.is

* Aukahlutir að andvirði 300.000 kr. fylgja öllum nýjum bílum BL við Sævarhöfða að undanskildum MG.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Óvíst hvort meirihluti þingmanna styður fjölmiðlafrumvarp

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALÞINGI Þriðju umræðu um frumvarp Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra um stuðning við einkarekna fjölmiðla lauk í gær án atkvæðagreiðslu. Samkvæmt því verður 400 milljónum króna úthlutað til miðlanna.

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, sem lagði fram minnihlutaálit í allsherjar- og menntamálanefnd, gagnrýndi ríkis-

stjórnina fyrir sýndarmennsku með því að taka málið inn í nefndina. Málið hefði þar ekki verið rætt í samhengi við frumvarp Sjálfstæðismannanna Brynjars Nielssonar og Óla Björns Kárasonar um að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði. Heldur ekki frumvarp Miðflokksins um að fólk gæti ráðstafað hluta útvarpsgjaldsins til fjölmiðils að eigin vali.

Sagði hann þá leið sem valin væri þá einföldustu og jafnframt þá

verstu. Með henni væru frjálsir fjölmiðlar ekki líklegir til að gagnrýna stjórnvöld og að stóru miðlarnir högnuðust umfram þá minni.

Eini stjórnarþingmaðurinn sem tók þátt í umræðunni var Birgir Ármannsson, Sjálfstæðisflokkurinn. „Það frumvarp sem hér liggur fyrir er auðvitað málamiðlun. Það er enginn vafi á því og enginn að fara í neinar felur með það,“ sagði Birgir.

Valkostirnir væru tveir, að gera eitthvað til þess að koma máli sínu

”

Það frumvarp sem hér liggur fyrir er auðvitað málamiðlun.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

fram eða slá ekkert af kröfum sínum og koma þar með engu í gegn. „Þetta frumvarp sem slíkt er ekki upphaf og endir á viðleitni stjórnvalda til að búa einkareknum fjölmiðlum starfsumhverfi,“ sagði hann.

Þeir þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær segja öldungis óljóst hvort frumvarpið verði samþykkt í atkvæðagreiðslu sem ráðgerð er á þriðjudaginn. Nokkrir stjórnarþingmenn séu andvígir því og óvíst sé um stuðning í stjórnarandstöðu. ■



Viðhaldið á Tý er of kostnaðarsamt.

Munur á tilboðum vegna varðskips allt að milljarður

kristinnpall@frettabladid.is

LANDHELGISGÆSLAN Fimm tilboð bárust í útboði Ríkiskaupa og Landhelgisgæslunnar vegna kaupa á nýju varðskipi sem kemur til með að bera nafnið Freyja. Eitt tilboðanna kom frá íslensku fyrirtæki en hin bárust frá fyrirtækjum í Danmörku, Noregi og Þýskalandi. Þá bárust tvö tilboð í erlendum gjaldmiðli.



Lægsta tilboðið barst frá danska fyrirtækinu Atlantic Shipping.

Dómsmálaráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, tilkynnti fyrr á þessu ári að nýtt varðskip yrði keypt fyrir Landhelgisgæsluna eftir að það kom í ljós að nauðsynlegt viðhald á Tý myndi kosta mun meira en áætlað var í fyrstu. Lægasta tilboðið barst frá danska fyrirtækinu Atlantic Shipping upp á 1,1 milljarð íslenskra króna en Havila Shipping frá Noregi var með tilboð upp á tæpar 13.627 milljónir evra sem reiknast vera tæplega 2,1 milljarður króna.

Önnur tilboð, þar á meðal frá íslenska fyrirtækinu C-solutions ehf., voru á bilinu 1,2 til 1,75 milljarðar króna. ■

Húsmæðraorlofið barn síns tíma sem Garðabær borgi með óbragð í munni

Bæjarráð Garðabæjar mót-mælir húsmæðraorlofinu sem sé barn síns tíma. Orlofið hefur verið innheimt í faraldrinum þótt ferðirnar séu engar. Gjaldkeri orlofsnefndar segir uppsafnað fé verða nýtt til að fjölga ferðum sem mikil eftirspurn sé eftir.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Húsmæðraferðir féllu niður á síðasta ári vegna heimsfaraldursins og telur bæjarráð Garðabæjar því vafasama heimild til að innheimta greiðslur í ár. Garðabær átti að greiða rúmar 2 milljónir króna þann 15. maí, en upphæðin er rúmar 120 krónur á hvern íbúa.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, segir að orlofið muni verða greitt eins og lög segja til um en bæjarstjórn sé langt í frá sátt við fyrirkomulagið. „Þetta er byggt á 19. aldar hugsunarhætti og hefur ekkert með jafnrétti að gera,“ segir Gunnar og segist ætla að kanna hvernig eftirliti með ráðstöfun orlofsins sé háttáð.

Húsmæðraorlofið var lögfest árið 1960 til þess að tryggja að húsmæður fengju hvíld líkt og launþegar. Undanfarna tvo áratugi hefur orlofið verið umdeilt í ljósi umræðu um jafnrétti kynjanna. Árið 2012 tapaði karlmaður, sem vildi fara í húsmæðraferð til Slóveníu, máli fyrir kærunefnd jafnréttismála.

Harmar Gunnar það að frumvarp um afnám húsmæðraorlofs frá árinu 2017 hafi ekki gengið í gegn á Alþingi. „Það taka allir þingmenn undir að lögin séu barn síns tíma en enginn gerir neitt í þessu,“ segir Gunnar. „Svekkastur er ég yfir mínum flokki, Sjálfstæðis-



Frá húsmæðraferð að Látrabjargi árið 2016.

MYND/HALLDÓRA ÓLAFSDÓTTIR

”

Svekkastur er ég yfir mínum flokki, Sjálfstæðisflokknum, að hann skuli ekki gera eitthvað í málinu.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar.

flokknum, að hann skuli ekki gera eitthvað í málinu.“

Ína Dóróthea Jónsdóttir, gjaldkeri Orlofsnefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu, segir að vanalega gangi vel að innheimta orlofið hjá sveitarfélögunum. Garðabær hafi áður verið seinastur til að borga og í eitt skipti neitað. „Við höfum einu sinni áður lent í útistöðum við Garðabæ, leituðum til lögfræðinga og fengum þá greitt,“ segir Ína.

„Af eðlilegum ástæðum voru allar ferðirnar felldar niður á síðasta ári,“ segir Ína. Ekkert var hins vegar gert við peningana í staðinn. „Peningarnir sem innheimtir voru í fyrra

verða nýttir til að auka við ferðir.“ Ína segir að vegna faraldursins hafi eftirspurnin eftir húsmæðraferðum verið mikil í vor og stendur til að auglýsa ferðir á nýrri heimasíðu sem brátt verður sett í loftið.

Um 100 til 120 konur í umdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu nýta sér ferðirnar á hverju ári. Á undanförunum árum hafa utanlandsferðir verið fleiri en innanlandsferðir. Til dæmis helgarferðir, aðventuferðir og lengri ferðir á sumrin. Ína segir að ferðirnar séu ekki aðeins fyrir efnaminni eldri konur. Konur á öllum aldri sem hafa veitt heimili forstöðu geti sótt um. ■

KITLAÐU BRAGÐLAUKANA



AÐEINS

3.990 kr./mán



stod2.is



Danish Crown

Konunglegar steikur



✦ SÉRVALIÐ ✦



185 g

SPG kryddblanda
Í samstarfi við Kryddhúsið

1.399 kr/stk

Ribeye 2 x 250 g

2.799 kr/pk

✦ SÉRVALIÐ ✦



Grillsósur
Hönnuð af fagmönnum fyrir þig

599 kr/stk

Tilboð gilda til 30. maí



Danish Crown
Nautalunda steikur 2 x 200 g

3.799 kr/pk



Danish Crown
New York Strip steikur 2 x 200 g

2.299 kr/pk



Danish Crown
Cote de boeuf kálfasteik 450 g

2.799 kr/pk



Nýtt
í Hagkaup

Olio nitti
Ekta ítölsk ólífuolía beint frá býli

Verð frá **1.899** kr/stk



Frábært
verð

Emmessís 500 ml

299 kr/stk

Verð áður 429 kr/stk



Fumagalli
Ítölsk hráskinka

Verð frá **999** kr/pk

HAGKAUP

Fólk á öllum aldri eigi rétt á aðstoð til að vinna úr ofbeldi

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Félagar í verkefninu Unglingar gegn ofbeldi segja mikilvægt að fólk á öllum aldri fái þau skilaboð að það megi segja frá ofbeldi og eigi rétt á aðstoð til að vinna úr afleiðingum ofbeldis.

Unglingar gegn ofbeldi er samstarfsverkefni Stígamóta og Samfés

og samanstendur af unglingum á aldrinum 14-17 ára sem berjast fyrir jafnrétti og gegn ofbeldi.

„Umræðan undanfarna daga og vikur hefur ekki farið fram hjá okkur unga fólkinu og við látum okkur ofbeldi varða,“ segir í tilkynningu um verkefnið.

Markmið hópsins er fræðsla um samskipti og sambönd. „Einnig að



Herferðin SJÚKÁST stendur nú yfir.



Unglingar gegn ofbeldi fræða um muninn á heilbrigðum og óheilbrigðum samböndum.

hvetja fólk til að tala um tilfinningar sínar, læra að þekkja og virða mörk, bæði sín og annarra.“

Nú stendur yfir árleg forvarnarherferð Stígamóta, Sjúkást, og í ár er lögð áhersla á að ungt fólk þekki muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum. Á vef átaksins má taka próf sem hjálpar fólki að greina þar á milli. ■



Fleiri ökutæki voru skráð á númer í nýliðnum aprilmánuði en bæði í fyrra og hittiðfyrra.

Bilaleigubílum fjölga milli ára

birnadrofn@frettabladid.is

UMFERÐ Afgerandi munur var á nýskráningum í ökutækjaleigu í apríl á milli ára en árið 2020 var einungis 41 ökutæki skráð í ökutækjaleigu miðað við tæplega 700 árið á undan og 323 í apríl á þessu ári. Þetta kemur fram í skriflegu svari Samgöngustofu við fyrirspurn Fréttablaðsins.



Aðeins 41 ökutæki var nýskráð til ökutækjaleigu í apríl í fyrra. Þau voru 323 á þessu ári.

Í apríl á síðasta ári voru yfir 6.500 ökutæki skráð úr umferð sem er töluverð aukning miðað við sama mánuð árið á undan þegar 1.705 ökutæki voru skráð úr umferð. Í apríl á þessu ári voru afskráð ökutæki mun færri en á síðasta ári eða 1.463 talsins.

Fleiri ökutæki voru skráð á númer í nýliðnum aprilmánuði en bæði í fyrra og hittiðfyrra. Í ár voru þau rúmlega þrjú þúsund talsins miðað við um 2.800 í fyrra og um 2.700 árið 2019. ■

Umhverfisstofnun segir vont að dreifa vindmyllum um allt land

Frekar en að sveitarfélög setji niður vindmyllur hjá sér ætti að velja stað fyrir myllurnar á völdu svæði og ekki dreifa þeim um allt landið, segir Umhverfisstofnun í umsögn um vindmyllur í Borgarfirði.

gar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Horfa á til landsins í heild þegar valdir eru staðir fyrir vindmyllur í stað þess að myllunum sé dreift um landið að vali sveitarfélaga. Þetta segir Umhverfisstofnun í tilefni áförmu um stórar vindmyllur á Grjóthálsi í Norðurárdal.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 11. febrúar síðastliðinn skipulags- og matslýsingu fyrir aðal- skipulagsbreytingu í landi Hafþórstaða og Sigmundarstaða sem fæli í sér að jörðunum yrði breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði til að hægt sé að reisa vindmyllur á Grjóthálsi.

„Forsendur fyrir staðsetningu vindmylla á Grjóthálsi byggja meðal annars á niðurstöðum veður- urmælinga, sem benda til þess að Grjótháls sé ákjósanlegur staður til nýtingar vindorku,“ segir í kynningarefni á vef Borgarbyggðar.

Umrætt svæði er tæpa átta kílómetra austnorðaustur af Hreðavatnsskála og þéttbýlinu á Bifröst. Rætt hefur verið um tvær til sex vindmyllur þar sem spáðarnir nái í allt að 150 metra hæð yfir jörðu.


„Sjálfbær orkuframleiðsla eins og sú sem hér um ræðir hefur verið eitt helsta viðbragð samfélaga á alþjóðavísu við þeirri vísu sem stafar af hlýnun jarðar,“ segir í skipulagslýsingu VSO ráðgjafar fyrir hönd framkvæmdaaðilanna.

Nágrannar Sigmundarstaða og Hafþórstaða og hagsmunaað-



Nýta á vindinn á Grjóthálsi í landi Hafþórstaða og Sigmundarstaða til raforkuframleiðslu.

MYND/ÚR KYNNINGAREFNI



Gert er ráð fyrir að vindmylluspaðarnir nái 150 metra hæð. Myllan lengst til hægri sýnir hvernig 150 metrar eru í samanburði við 77 metra eins og myllan lengst til vinstri sem er á hæð við Hallgrímskirkju.

MYND/ÚR KYNNINGAREFNI

ilar víða í héraðinu hafa mótmælt áformunum af hörku og talið upp margvíslegar ástæður fyrir andstöðu sinni. Er þar meðal annars um að ræða að fuglalífi og öðru lífríki sé ógnað og gagnrýni vegna sjón- og hávaðamengunar sem

spilla muni tekjumöguleikum í sveitinni og verðfella fasteignir. Áskilja sumir sér rétt til að sækja bætur til Borgarbyggðar samþykki sveitarfélagið skipulagsbreytingar sem heimila uppsetningu vindmyllanna.

Umhverfisstofnun bendir á það í sinni umsögn að í drögum að breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sé lagt til að svokölluð gul svæði verði í flokki tvö. Þar verði svæði „sem gætu í eðli sínu almennt verið viðkvæm fyrir uppbyggingu vindorkuvera eða annarri mannvirkjagerð,“ eins og segir í umsögninni.

„Virðjunarkostir í vindorku innan slíkra svæða gætu þó komið til greina að uppfylltum tilteknum skilyrðum, meginreglum og viðmiðum,“ segir Umhverfisstofnun sem kveður umrætt svæði á Grjóthálsi einmitt vera á slíku gulu svæði sem verði í flokki tvö.

„Það er mat Umhverfisstofnunar að frekar en að hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi eigi frekar að líta til landsins í heild og velja svæði sem hentar til slíkrar orkuframleiðslu þar sem hægt er að koma fyrir mjög mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim um land allt,“ undirstrikar Umhverfisstofnun. ■

Kíma ehf.
Sími 618 18 36 kima@kimaehf.is

Protan þakdúkar
Lett-tak þakeiningar

Stærsta kolefnissporið verður af glerflöskum

thorgrimur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Áldósir hafa minnsta kolefnisspor einnota drykkjarumbúða sem notaðar eru á Íslandi. Þetta kemur fram í nýju svari eftir Sævar Helga Bragason á Vísindavefnum. Samkvæmt grein Sævars skilja PET-plastflöskur eftir sig næstmínsta kolefnissporið en glerflöskur hið stærsta.

Ýmsar ástæður liggja að baki þessari falleinkunn glerflaskna. Í greininni er helst nefnt að mikinn hita þurfi til að framleiða þær og að víða um heim sé ódýrara að framleiða nýtt gler en að endurnýja það. Ekki hafi tíðkast árum saman að endurnýja gler á Íslandi en bent er á að í lok apríl hafi Alþingi samþykkt frumvarp sem ætlað er að auðvelda



Áldósir hafa minnsta kolefnisspor einnota drykkjarumbúða sem notaðar eru á Íslandi.

endurvinnslu glers og stuðla að eflingu hringrásarhagkerfis.

Samkvæmt greininni kunna ýmsir þættir að skipta máli í mati á því hvaða drykkjarumbúðir eru umhverfisvænastar. Alltaf sé þó auðvitað best fyrir umhverfið að fjölnota umbúðir séu notaðar. ■



Nýjungin!



Núna er góður tími til að grilla

Þéttari og mýkri hamburgarabrauð!

Auðvitað er ekkert betra en „íslenskt grill“ – nýtt íslenskt brauð og nýtt íslenskt kjöt. Tendraðu grillið. Gerðu hamburgarann meira djúsi. Prófaðu nýja hamburgarakartöflubrauðið frá Myllunni strax í dag.

Gleymdu ekki að taka nýja pylsukartöflubrauðið fyrir grillpýsumar.



Alltaf nýbakað síðan 1959

Ísland fest sig í sessi sem miðstöð norðurslóða

Ráðherrafundi Norðurskautsráðsins lauk í gær og lét Ísland af formennsku þess. Rússland tók við og mun leiða það næstu tvö árin.

thorvardur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Rússar tóku í gær við formennsku í Norðurskautsráðinu af Íslandi á ráðherrafundi ráðsins í Hörpu og gegna henni til tveggja ára. Á fundinum var samþykkt Reykjavíkuyfirlýsingin þar sem ráðið undirstrikaði stuðning sinn við frið, stöðugleika og uppbyggilega samvinnu á norðurslóðum.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sagði í ræðu sinni að formennska Íslands hefði verið viðburðarík en þrátt fyrir faraldur Covid-19 hefði mikið komist í verk, í góðri samvinnu aðildarríkja. Samþykkt hefði verið stefnuskrá um markmið ráðsins á næsta áratug í fyrsta skipti og væri það stór áfangi í sögu þess.



Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, þakkaði Íslandi fyrir formennskuna í Norðurskautsráðinu á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rússar telja mikilvægt að sá góði andi innan þess nái einnig yfir á svið hernaðarmála og vilja að aftur verði hafnar marghliða viðræður æðstu yfirmanna herja aðildarríkja. Bandaríkin hafa frá stofnun ráðsins

viljað halda hernaðarmálum utan verksviðs þess. Lavrov ræddi einnig um mikilvægi norðurskautsins hvað varðar nýjar siglingaleiðir, þar þyrfti að tryggja að slíkt væri sjálfbært og öruggt á tímum loftslagsbreytinga.



Ég held að Reykjavíkurfundurinn og yfirlýsingin verði lengi talin til grundvallarþátt í þróun norðurslóða. Yfirlýsingin ber með sér ótvíræðan ásetning um að friðsamleg sambúð og samvinna muni einkenna norðurslóðir.



Ólafur Ragnar Grímsson.

„Ég held að Reykjavíkurfundurinn og yfirlýsingin verði lengi talin til grundvallarþátt í þróun norðurslóða. Yfirlýsingin ber með sér ótvíræðan ásetning um að friðsamleg sambúð og samvinna muni einkenna norðurslóðir,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands. Ísland hafi fest sig í sessi sem miðstöð norðurslóða.

Ríki ráðsins hafi náð saman um stefnuskrá ráðsins sem feli í sér nýjung, ekki bara í málefnum norðurslóða heldur á vissan hátt á heimsvísu, segir Ólafur Ragnar. Það sé nánast einstakt á tímum átaka og upplausnar í fjölþjóðasamvinnu að ríki nái saman um jafn ítarlega stefnuskrá, einkum þegar Bandaríkin og Rússland eru í þeim hópi. Með henni sé mörkuð stefna fyrir ráðið á næstu tíu árum með ítarlegum markmiðum.

Þá segir Ólafur Ragnar að þróun siglingaleiða um norðurskautsvæðið muni skapa Íslandi mikil tækifæri. ■

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2021

Átak ríkisstjórnar, fjármagnað af ANR og UAR ráðuneytum ásamt Orkusjóði. Heildarfrjárhæð til úthlutunar er **320 m.kr.**

Verkefnastyrkir. Styrkir geta að hámarki numið **33%** af áætluðum stofnkostnaði við kaup á tækjum og búnaði honum tengdum.

1. Verkefni sem minnka verulega eða skipta alveg út jarðefnaeldsneyti í framleiðslugreinum, matvælaeðnaði og sjávarútvegi, t.d. olíunotkun í þurrkurum, í dísilvélum eða við bræðslu.
2. Líf- eða rafeldsneytisframleiðsla (t.d. vetni) og/eða orkugeymsla.
3. Stuðningur við kaup á flutningabílum sem nota vistvænt eldsneyti eða til uppbyggingar innviða sem stuðla að notkun endurnýjanlegs eldsneytis fyrir slík farartæki.
4. Stuðningur við kaup á vinnuvélum sem nota vistvæna orku.

Innviðastyrkir. Styrkir geta að hámarki numið **50%** af áætluðum stofnkostnaði tækis og búnaðar honum tengdum.

1. Uppsetning hleðslustöðva (viðmið 22 kW) við gististaði og fjölsóttu ferðamannastaði.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að forgangsraða styrkjum í samræmi við áherslur stjórnvalda við orkuskipti, s.s. líta til þess hversu líklegt er að styrkhæft verkefni hraði orkuskiptum og hversu mikil áhrif það hefur til minnkunar á kolefnisfótspori. Einnig verður horft til dreifingu verkefna um landið og hversu hratt þau eru talin koma til framkvæmda. Styrkupphæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.

Umsóknafrestur er til 30. júní 2021

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: gattin.os.is

Orkusjodur.is



Palestínუმენ virða fyrir sér húsarústir á Gasasvæðinu en gríðarleg eyðilegging hefur orðið þar eftir loftárásir Ísraels. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vopnahlé í gildi á Gasa eftir ellefu daga átök

thorvardur@frettabladid.is

PALESTÍNA Ísraelska ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær vopnahlé á Gasasvæðinu sem tók gildi klukkan ellefu í gærkvöldi. Leiðtogar Hamas-samtakanna, sem fara með völd á Gasa, hafa einnig tilkynnt að þeir hyggist leggja niður vopn. Hamas-samtökin viðurkenna Ísrael ekki sem ríki og Ísrael álitur þau hryðjuverkasamtök.

Vopnahléið er afrakstur aðgerða Egypta, Katar og Sameinuðu þjóðanna, sem hafa freistað þess að miðla málum milli Ísraelsmanna og Hamas-samtakanna. Mörg ríki heims hafa kallað eftir vopnahléi á svæðinu, þar á meðal Ísland. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hélt neyðarfund í dag þar sem því var lýst yfir að vopnahlé væri nauðsynlegt.

Bandaríkjastjórn hefur einnig þrýst á Ísrael að samþykkja vopnahlé en þau eru helsti bandamaður landsins og veita Ísrael tæpa fjóra milljarða dollara á ári í hernaðaraðstoð. Bandaríkin beittu ítrekað neitunarvaldi í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna gegn yfirlýsingu þar sem kallað var eftir vopnahléi.

Forsvarsmenn Hamas segja vopnahléið „sigur“ í baráttu sam-




Átökin á Gasa eru þau hörðustu síðan árið 2014. Miklar skemmdir hafa orðið á innviðum þar og sjúkrahús og skólar eyðilagst í loftárásum Ísraels. Fjöldi fólks hefur leitað skjóls í skólum Sameinuðu þjóðanna.

takanna gegn Ísrael og ósigur fyrir Benjamin Netanyahu forsætisráðherra Ísraels. Egyptar hafa sent tvær sendinefndir til Ísraels og hernumdu svæðanna til að hafa eftirlit með vopnahléinu.

Átökin hófust 10. maí og hafa í það minnsta 232 Palestínუმენ fallið í árásum Ísraels hers á Gasa og tólf Ísraelsmenn í eldflaugaárásum Hamas. Meira en fjögur þúsund eldflaugum hefur verið skotið á Ísrael en þær flestar verið skotnar niður. ■



White Kitchens
TENDENS



INNRETTINGAR

HTH á Íslandi í yfir 40 ár,
þar af í 22 ár hjá Ormsson

- endurspeglar traust
Íslendinga til merkisins

NÚTÍMA LÍFSTÍLL GERIR KRÖFUR TIL HEIMILISINS

Nútíma lífstíll kallar á kröfur.
Á sama hátt og við höfum
væntingar til lífsins, gerum
við kröfur til heimilisins okkar.
Komdu til okkar, lýstu óskum
þínum og leyfðu okkur að
teikna innréttingar sem
henta þínu heimili.



Nordic Creations
VH-7



Harmony Dark
- baðherbergi

Ævintýrið byrjar á heimsókn
í glæsilegan sýningarsal
okkar í Lágmúla 8, 2. hæð,
þar sem allar helstu
nýjungar eru til sýnis.



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



INNRETTINGAR



LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Vindhögg



Hörður Egiðsson
hordur
@frettabladid.is

Það er sjaldgæft að seðlabankastjórar í hinum vestræna heimi tali skýrt og skorinort. Ásgeir Jónsson, sem hefur stýrt Seðlabanka Íslands í að verða tvö ár, gerir það þó sem betur fer.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær benti hann á, nú þegar vaxtahækkunarferlið er hafið samhliða efnahagsbata og meiri verðbólgu en áður var spáð, að framhaldið ætti að stórum hluta eftir að ráðast af viðbrögðum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Ljóst væri að ríkissjóður, sem er rekinn með hundraða milljarða halla, þyrfti að draga sig í hlé og þá þyrfti enginn að velkjast í vafa um viðbrögð bankans ef farið verður fram með sverari kröfur um launahækkunir til bregðast við minni kaupmætti vegna verðbólgu. Fyrir heimili með 40 milljóna óverðtryggt lán er ljóst að ef stýrivextir hækka úr 1% í meira en 3%, eins og skuldabréfamarkaðir eru að spá fyrir um, myndi það þýða aukna greiðslubyrði upp á ríflega 50 þúsund á mánuði. Það munar um minna, og því mikilvægt að allir sem koma að hagstjórninni haldi vel á málum. Og vonandi munu þeir, sem ummælum seðlabankastjóra er beint til, sjá ástæðu til að leggja við hlustir þegar hann sér ástæðu til að senda frá sér slík skilaboð.

Staða þjóðarbúsins er sterk nú þegar hillir undir endalok farsóttarinnar og aðstæður eru að skapast fyrir einkageirann til að sækja fram, fjárfesta og skapa ný störf. Þar koma til árangursríkar aðgerðir stjórnvalda og peningamálayfirvalda, sem hafa haldið uppi eftirspurn og örvað hagkerfið á tímum mikils samdráttar, en gengi krónunnar er einnig tiltölulega hagstætt fyrir útflutningsatvinnuvegina og vextir eru lágir. Mikilvægt er að viðhalda þessari umgjörð á næstu misserum ef markmiðið er að sjá kröftuga viðspyrnu – og þannig ná niður því mikla atvinnuleysi sem mælist enn um 11 prósent.

Halda mætti að það væri því fagnaðarefni fyrir hagsmunasamtök launþega, sem sjá núna meira en tuttugu þúsund félagsmenn sína atvinnulausa, þegar fréttir berast af stofnun flugfélags sem skapar hundruð nýrra beinna starfa – svo ekki sé talað um öll afleiddu störfin og lægri flugfargjöld með aukinni samkeppni. Á Íslandi er verkalýðsfélögum hins vegar stýrt af fólki sem kys að staðsetja sig í einhvers konar „hliðarveröld“, svo notað sé orðalag seðlabankastjóra, og skeytir ekkert um slíkt – eymdin virðist frekar vera sameiginlegt markmið þess.

Yfirlýsing miðstjórnar ASÍ í vikunni, þar sem Play er sakað um undirboð launa og landsmenn og fjárfestar hvattir til að sniðganga flugfélagið, er með eindæmum, jafnvel komandi úr þeirri átt. Ekki virðist standa steinn yfir steini í fullryðingum ASÍ, þar sem því er haldið fram að Play muni borga lægst laun á Íslandi, og ekkert er gert með þá staðreynd að launakjörin eru talsvert betri en þekktast hjá flestum öðrum evrópskum flugfélögum. Forysta ASÍ, sem gengur erinda stéttarfélags starfsmanna Icelandair, sá meira að segja ekki ástæðu til að afla sér upplýsinga frá forsvarsmönnum Play áður en farið var fram með ásakanir sem verður ekki lýst með öðrum hætti en sem skemmdarverkastarfsemi. Dettur einhverjum í hug að þeir lífeyrisjóðir sem fjárfestu í Play, eftir mikla yfirlegu, hafi gert það vitandi að kjarasamningar félagsins brytu í bága við íslenska vinnulöggjöf? Auðvitað ekki.

Híð eina rétta í stöðunni eftir þetta upphlaup ASÍ væri að biðjast afsökunar. Líkurnar á því eru auðvitað engar. Þar verður haldið áfram að bjóða upp á meira af því sama. ■

”
Dettur einhverjum í hug að þeir lífeyrisjóðir sem fjárfestu í Play hafi gert það vitandi að kjarasamningar félagsins brytu í bága við íslenska vinnulöggjöf?

■ Halldór



■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Leðurblökumadurinn

Staksteinar Morgunblaðsins gengu svo langt í samsæriskenn-ingunum í gær að þeir virðast einna helst hafa runnið undan álhatti þegar látið var í það skína að sjálfur Anthony Fauci, smit-sjúkdómavari Bandaríkjanna, hefði komið að bruggun „Wuhan-veirunnar“. Með vísan í Kínabrólt Fauci var síðan „leðurblökukenn-ingunni“ hafnað enda ætti Fauci og öðru leðurblökufólki að vera fullljóst að hún standist engan veginn þar sem hin stundvísu og árlega flensa hefði stráfallt milljónatugi án atbeina nokkurrar leðurblöku.

Bullmörkin

Staksteinarnir fengu einhverja til þess að klóra sér í kollinum og þannig spurði til dæmis Orri Björnsson, forstjóri og varabæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, á Facebook hvar bullmörkin í ritstjórnarefni væru. „Hversu mikið má rugla og þrugla og hræða fólk og afvegaleiða?“ Piratinn Halldór Auðar Svansson sagðist í athugasemd ekki einu sinni skilja hvað væri verið að reyna að segja þarna. Sósíalílistinn Gunnar Smári Egilsson telur hins vegar um ágætt innlit í „hugarheim heimsku og fásinnu“ að ræða og endurbirta steinana á Facebook-vegg Sósíalístaflökksins fyrir þá sem „hafa alltaf jafn gaman af skringilegu fólki“. ■

Hljójar norðanáttir



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og
þróunarsam-
vinnuráðherra

Möguleikar fjarfunda eru einn af þeim jákvæðu lærdómum sem draga má af kórónuveirufaraldrinum. Að sama skapi hefur hann líka sýnt að ekkert kemur í stað mannlegra samskipta. Nýafstaðinn ráðherrafundur Norðurskautsráðsins var þannig eins og hressandi vorgola eftir margra mánaða inniveru.

Norðurskautsráðið heldur ráðherrafundi sína á tveggja ára fresti og skipta þessir persónulegu fundir höfuðmáli fyrir starfseminna. Þótt fundurinn nú hafi verið með blönduðu sniði vegna farsóttarinnar voru viðstaddir allir utanríkisráðherrar aðildarríkjanna átta, auk fulltrúa Grænlands og Færeyja og svo frumbyggjasamtaka. Það sýnir að ráðið stendur styrkum fótum sem mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni svæðisins. Við áttum uppbyggilegar umræður um viðbrögð við þeim áskorunum sem að svæðinu steðja, samþykktum framtíðarstefnu til næstu tíu ára og undirrituðum svonefnda Reykjavíkurfirrlýsingu um að hlúa áfram að friði og sjálfbærni á norðurslóðum. Þar með bundum við enda á formennsku Íslands í ráðinu, verkefni sem við göngum afar stolt frá.

Samhliða ráðherrafundinum fóru fram fjölmargir tvíhliða fundir. Þar vakti mesta athygli sögulegur fundur utanríkisráðherra Bandaríkjanna og Rússlands, sá fyrsti eftir valdaskiptin í Washington. Þótt Harpa en ekki Höfði hafi verið vettvangurinn hugsuðu eflaust margir til leiðtogafundarins 1986 þegar Ísland var rétt eins og nú vettvangur stórveldavíðræðna í kastljósi heimspressunnar. Sjálfur átti ég afar gagnlega fundi með kollegum frá Kanada, Finnlandi, Svíþjóð, Grænlandi, Bandaríkjunum og Rússlandi, svo og lögmanni Færeyja. Tvíhliða samskipti, alþjóðamál, loftslagsmál, mannréttindi og viðskipti voru þar meðal annars til umræðu. Óvíst er að jafngott tækifæri gefist fyrir Ísland til að ná tvíhliða fundum með stórveldunum á næstu misserum til að ræða margvísleg hagsmuna- og framfaramál.

Meðan á öllu þessu stóð í Hörpu bárust þau gleðitíðindi frá Alþingi að ný norðurslóðastefna, sem byggð er á tillögum þingmannanefndar úr öllum flokkum, hefði verið samþykkt. Tímasetningin hefði ekki getað verið meira víðeigandi til að setja kúrsinn til næstu ára í þessu forgangsmáli íslenskrar utanríkisstefnu. ■

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Hjálpaðu okkur að bjarga mannlífum

Vertu Bakvörður Landsbjargar — landsbjorg.is

Vín og þversagnir

Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Ég vil byrja á því að taka það skýrt fram, að eftir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lét af því fyrirkomulagi að láta viðskiptavinum kaupa áfengið með því að benda á það yfir búðarborð — mig rekur ennþá minni til margra krefjandi andartaka í Lindargötuútibúinu sáluga — hef ég bara verið nokkuð sáttur við þjónustu Vínbúðanna. Um langt skeið hefur maður verið treyst fyrir venjulegri innkaupakörfu eins og í öðrum búðum og maður notid þess að fá að valsa íbygginn um verslanirnar og velja sér rautt, hvítt og kraftbjór eins og heimsborgari jafnvel, og borgað síðan á kassa. Svona hafa jú vindar frelsisins blásið og skyldi enginn gera lítið úr því.

Enn og aftur er rætt um fyrirkomulag áfengissölu í þjóðfélaginu. Ríkiseinokunarfyrirkomulag smásöluverslunar er umdeilt. Vita-skuld ætla ég ekki að láta hjá líða að taka þátt í þessari hressilegu eilífðarumræðu svona í upphafi sumars, enda finnst mér þetta mál fyrir margra hluta sakir mjög áhugavert. Í mínum huga er þetta deilufni ekki þess eðlis að ég missi svefn yfir því. Hins vegar hefur mér um nokkurt skeið fundist það bitastætt hvernig umræðan virðist afhjúpa ákveðnar þverstæður sem gaman er að ræða á góðum degi.

Fyrir það fyrsta: Talið er skynsamlegt að ríkið sjái um að selja vínið, vegna þess að ef einkaaðilar myndu selja það myndi aðgengið aukast og drykkja þar með aukast líka. Þetta kann að vera rétt. Þá hlýtur maður hins vegar að spyrja á móti hvort ekki væri þá skynsamlegt að ríkið reyndi eftir



fremsta megni í krafti einokunar að minnka aðgengið kerfisbundið, í þágu lýðheilsu. Þessu er ekki að heilsa. Ekki verður betur séð en Vínbúðirnar keppist við að lengja opnunartíma, fjölga verslunum, auglýsa og bæta þjónustuna. Ef minna aðgengi er stefnan, þá er framkvæmdin undarleg.

Í annan stað: Í athyglisverðri mótsögn við kröfuna um minna aðgengi, heyrast stundum þau sjónarmið að ríkið sjái einfaldlega um þennan rekstur svo vel, að það sé engin þörf á því að einkavæða. Þjónustan sé frábær og úrvalið til fyrirmyndar. Ég held reyndar að einkaaðilar séu vel færir um slíkt líka, eins og dæmin sanna, en gott og vel. Hér blasir við spurningin: Ef ríkið er svona einstaklega gott í að reka verslanir, af hverju látum við þá ekki ríkið mun frekar höndla með miklu mikilvægari hluti

heldur en áfengi? Ætti ekki ríkið frekar að reka fyrirmyndarverslanir með mat, fót og byggingarvörur svo dæmi séu tekin? Hvers vegna þarf verslun með vín að vera svona sérstaklega góð?

Í þriðja lagi: Lögd er á það mikil áhersla að vegna lýðheilsu verði ríkið að sjá um sölnu. Þetta eru mun sterkari rök finnst mér heldur en þau á undan, en hér á ég samt erfitt með að sjá samhengi hlutanna. Er augljós tengsl á milli ríkisreksturs og lýðheilsu? Ísland er áhugavert tilfelli. Þjóðin virðist engan veginn hafa gert upp við sig hvort sé betra, ríkisrekstur eða einkaframtak, þegar kemur að almannahag. Allt er upp í loft. Björgunarsveitirnar, sem beinlínis sjá um að bjarga fólki úr lífsháskaga og stuðla að öryggi fólks við erfiðar aðstæður, eru reknar sem einkaframtak frjálsra félagsamtaka.



Einkaaðilum er treyst til að sýsla með þessar vörur. Af hverju ekki vín?

Ríkið metur það sem sagt svo, að þegar kemur að björgunarsveitum í landi sem er undirselt náttúruvá sé einkaframtakinu vel treystandi, en þegar kemur að því að selja vín, alls ekki. Annað dæmi: Vinsalan er ríkisins. Áfengismedferðin er einka.

Þetta leiðir hugann að því fjórða. Sagt er að áfengi sé svo varhugaverð vara — sem ég get vissulega staðfest og á margar reynslusögur um — að ríkisvaldið verði að stjórna sölnu. En þá má spyrja: Er ekki tóbak líka ákaflega skaðlegt? Geta lyf ekki verið varhugaverð? Skotvopn? Eiturefni? Einkaaðilum er treyst til að sýsla með þessar vörur. Af hverju ekki vín?

Það eru svo miklar þversagnir í þessari umræðu að mann grunar stundum að það sé ölvun í gangi. Ég held, eftir að hafa spáð í þetta bæði edrú og ekki edrú, í ótal kringumstæðum og samræðum í gegnum tíðina — oftast en nokkur maður getur kært sig um — eins og vel flestir aðrir Íslendingar — því við erum jú öll dæmd til að deila um þetta mál að eilífu — að tvö meginatriði þurfi að hafa í huga til þess að taka kannski einhvern tímann ákvörðun:

- 1) Það skiptir ekki máli hver selur vínið, heldur hvernig. Lagaumgjörðin, regluverkið í kringum sölnu skiptir höfuðmáli. Einkaaðilar mega selja tóbak gegn mjög ríku skilyrðum. Sama ætti að gilda um vín. Ríkið setur skilyrðin. Einkaaðilar framkvæma.
- 2) Það getur verið að vaxandi frelsi sé gott, því mögulega eykur það ábyrgð. ■

Aftur svipt lífsbjörginni



Björg Árnadóttir, rekur Stílvopnið ehf.

Í fyrrasumar varð ég fyrir tekjutapi af völdum björgunaraðgerða stjórnvalda. Vel meintar og örugglega gagnlegar fólust aðgerðirnar í að auka virkni þjóðarinnar á tímum atvinnuleysis með því að

niðurgreiða námskeið ríkisrekkinna háskóla. Öllum almenningi stóð til boða að skrá sig á nær ókeypis námskeið sem mörg voru sambærileg þeim sem einkarekin fræðslufyrirtæki selja á samkeppnismarkaði. Af þessum sökum varð sumarið í fyrra fyrirtæki mínu ónytt og nú er orðið ljóst að aftur á að beita sömu aðgerðum. Þrátt fyrir öflug mótmæli fræðslufyrirtækja skulu niðurgreidd námskeið háskólanna aftur ryðja lífibraudi sjálfstætt starfandi fræðara til hliðar í skjóli opinberra fjármuna. Mörg leppjum við dauðann úr skel eftir erfitt ár í



Ég hvet yfirvöld menntamála til að skoða þær afleiðingar sem björgunaraðgerðirnar þeirra hafa á þann hluta menntakerfisins sem orðið hefur fyrir tvöföldu áfalli.

endurmenntunargeiranum. Þetta er ójafn leikur þar sem hinn veikari fær ekki varið sig.

Ég hef starfað hátt í fjórutíu ár við sí- og endurmenntun og tekið eftir að æ jákvæðara þykir að hluti endurmenntunar sé í höndum einkaaðila. Þess vegna stofnaði ég fyrir allmörgum árum fyrirtæki í því skyni að miðla sérþekkingu minni til annarra. Reksturinn gekk ágætlega þar til í fyrra að heimurinn tók skyndilegum stakkaskiptum. Nú þrái ég ákaft betri tíð með blóm í haga og bólu-setta nemendur í kennslustofum.

En þótt framlag okkar sjálfstætt starfandi fræðaranna þyki ómetanlegt á markaði þekkingarinnar eiga björgunaraðgerðir stjórnvalda ekki eiga að ná til okkar. Ég gat sætt mig við að hrun og síðar heimsfaraldur rændi mig lífsbjörginni en á erfiðara með að kyngja að mín eigin stjórnvöld komi í veg fyrir að framlag mitt til menningar og mennta megi blómstra. Ég hvet yfirvöld menntamála til að skoða þær afleiðingar sem björgunaraðgerðirnar þeirra hafa á þann hluta menntakerfisins sem orðið hefur fyrir tvöföldu áfalli. ■

Ársfundur EFÍA 2021




Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn fimmtudaginn 3. júní kl. 13 í Hlíðarsmára 8 í Kópavogi.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með umræðu- og tillögurétti. Fundargögn má nálgast á vefsíðu sjóðsins, efia.is.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins
6. Stjórnarkjör
7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna
8. Val endurskoðanda
9. Önnur mál





Við undirritun samnings. Hlynur Helgi Hallgrímsson, Geir Magnússon, Steinþór Helgi Arnsteinsson, Sindri Páll Kjartansson, Ásgeir Guðmundsson og Ragnheiður Ólafsdóttir. MYND/ADSEND

Röntgen mun reka Vagninn

gun@frettabladid.is

Hið reykviska öldurhús Röntgen mun reka Vagninn á Flateyri í sumar, frá og með 1. júní að telja. Vagninn er allt í senn: menningarhús, veitingastaður og knæpa, að sögn Steinþórs Helga Arnsteinssonar sem er í Röntgenhópnum. „Vagninn verður opinn alla daga,“ segir hann og heitir viðburðum á borð við tónleika, uppistand, bingó eða pub quiz vikulega. Um veitingastaðinn mun

spænska parið Álvaro Andrés og Inma Verdú sjá. Steinþór Helgi er ekki í vafa um að það muni töfra fram tapas, sangria og fleira ljúffengt frá sínu heimalandi.

Þeir sem eru að plana gigg á Vagninum í sumar, að sögn Steinþórs Helga, eru KK, Ari Eldjárn, Jógvan og Friðrik Ómar, Ragnheiður Gröndal, GÓSS, Mugison, Blaz Roca, Jakob Birgis, Snorri Helga og Saga Garðars, Ylja, Moses Hightower, Lay Low, Emmsjé Gauti og Babies. ■



Haust við hafið gæti þessi mynd heitið – en kannski heitir hún eitthvað allt annað!

Myndefnið allt um kring

Landið mitt er heiti málverkasýningar sem Inga Stefánsdóttir sálfræðingur hefur opnað í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi. Titillinn segir sína sögu.

gun@frettabladid.is

„Náttúran er sibreytileg og sami staður getur gefið mismunandi innblástur eftir birtu og litum,“ segir Inga Stefánsdóttir sem stendur bak við sýninguna Landið mitt í Hallsteinssal í Safnahúsi Borgarfjarðar. Þetta er hennar fyrsta sýning. Hún notar olíuliti og segir listmálun alltaf hafa höfðað til sín en lengi vel hafi skort tíma til að sinna henni.

„Við hjónin vorum með meðferðarheimili fyrir unglunga í mörg ár. Þegar við hættum því hófst nýr kafli í lífinu. Allt í einu hafði ég tíma fyrir sjálfa mig svo ég fór að mála, bæði til að byggja mig upp og nýta tímann,“ lýsir Inga og kveðst hafa farið í nám í Myndlistarskóla Reykjavíkur og víðar.



Sami staður getur gefið mismunandi innblástur eftir birtu og litum.

Inga býr í Steinahlíð í Lundarreykjardal, því á hún stutt út í ósnortna náttúru og kann vel að meta slík lífsgæði. Hún og maður hennar eru með nokkrar kindur og svo er hún skólasálfræðingur á Snæfellsnesi og kveðst ferðast mikið, starfs síns vegna. „Oft sé ég eitthvað



Hér er síðsumar, fifan farin að hengja haus en er þó ekki fokin.

MYNDIR/ADSENDAR

fallet í landslaginu á ferðum mínum, stoppa og smelli af því mynd sem síðar verður mér hvati til að mála. Ég byrja oft á einhverju og verð svo alveg hissa þegar úr því verður mynd!“

Sýningin Landið mitt verður opin til og með 17. júní – á virkum dögum frá 13 til 18 og um helgar frá 13 til 17. „Ég ætla að sitja yfir sýningunni um helgar,“ segir Inga og kveðst líka stefna á að verða þar á lokadaginn, sjálfan þjóðhátíðardag Íslendinga.

Safnahúsið er við Bjarnarbraut 4-6 í Borgarnesi. ■



Inga finnur oft falleg mótíf á ferðum sínum um Vesturlandið.



Þökkum af alhug öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Estherar Unnar Júlíusdóttur
frá Hrisey, Goðabraut 12A, Dalvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjageildar sjúkrahússins á Akureyri og starfsfólks Dalbæjar á Dalvík fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót. Guð blessi ykkur öll.

Tryggvi Ingimarsson

Alda Lovísa Tryggvadóttir
Ingimar Tryggvason
Linda Júlía Tryggvadóttir

Gunnar Austmann
Eydis Arnórsdóttir
Birkir Bragason

og barnabörn.



Elskulegur eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Ingvar Sveinbjörnsson
hæstaréttarlögmaður,

lést sunnudaginn 16. maí.
Útförin fer fram frá Neskirkju
fimmtudaginn 27. maí kl. 13.

Eygló Óskarsdóttir

Óskar Ingvarsson
Kjartan Ingvarsson
Ágúst Ingvarsson
Sólborg Erla Ingvarsdóttir
Skúli Ingvarsson

Valgerður Ófeigsdóttir
Sólveig Stefánsdóttir
Íris Stella Heiðarsdóttir
Jón Steinn Eliasson

og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Gunnhildur Birna Björnsdóttir

Sævangröðum 3, Seltjarnarnesi,

lést þriðjudaginn 11. maí.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
þriðjudaginn 25. maí kl. 13. Innan þeirra takmarkana sem í gildi eru. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: sonik.is/birna

Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítalaskóla Hringisins.

Hörður Reynir Jónsson

Sverrir Tynes
Salome Tynes
Jón Reynir Harðarson
Bjarni Birkir Harðarson

Ása Kolka
Pálmi Kristinnsson

Rakel Guðmundsdóttir
og barnabörn.



Eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hreiðar Aðalsteinsson
bóndi og fyrrum oddviti,
Öxnhóli,

lést þann 17. maí
á Sjúkrahúsinu á Akureyri.
Að hans ósk mun útförin fara fram í kyrrþey.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Guðný Franklin

Merkisatburðir

1927 Charles Lindbergh verður fyrstur til að fljúga einn yfir Atlantshaf.

1980 Kvikmyndin Star Wars er frumsýnd í Bandaríkjunum.

1983 Safn Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara er opnað við Sigtún í Reykjavík.

1997 Björn Ólafsson, Einar Stefánsson og Hallgrímur Magnússon verða fyrstir Íslendinga upp á tind Everest.

2011 Eldgos hefst í Grímsvötnum.



ALLT

KYNNINGABLAÐ

FÖSTUDAGUR 21. maí 2021



Þegar Loreen vann fyrir Svíþjóð 2012 voru bakraddasöngvararnir í felum.

FRÉTTABLAÐ/GETTY

Nýjar reglur í Eurovision auka sveigjanleika

sandragudrun@frettabladid.is

Reglum um bakraddasöngvara í Eurovision var breytt í ár á þann hátt að í fyrsta sinn má spila upp-töku sem tekin er upp fyrir fram, er þetta leyft til reynslu í ár. Eins og þekkt er orðið nýttu Daði og Gagnamagnið sér þessar nýju reglur og buðu fólki að senda sér upptökur af sér syngja kórkaflann í laginu 10 years. Fleiri lönd hafa nýtt sér þetta tækifæri eins og til dæmis Króatía, Kýpur og Aserbaísjan sem höfðu dansara á sviðinu í stað bakraddasöngvara en bakraddirnar voru teknar upp fyrir fram. Einungis sex listamenn mega vera á sviðinu í einu í hverju atriði.

Söngvararnir sjást ekki

Mörg atriðið hafa hingað til verið flutt á þann hátt að þrátt fyrir að bakraddasöngvararnir séu á sviðinu, þá sjást þeir ekki í mynd. Það hefur verið gert til að draga ekki athygli frá aðalsöngvaranum.

Nokkur lög sem unnið hafa keppnina hafa haft þetta fyrirkomulag. Til dæmis Euphoria, Heroes og Arcade. Ef nýju reglurnar hefðu verið í gildi þegar þessi lög kepptu þá hefði verið hægt að spara flugmiðana fyrir bakraddasöngvarana. Hvort þessi regla verði áfram í gildi í komandi keppnum á eftir að koma í ljós en það er allavega ljóst að reglan býður upp á aukinn sveigjanleika í framsetningu atriðanna. ■



Soffía Guðlaugardóttir segir að hún hafi verið steinhissa á hversu húðin varð mjúk og fin þegar hún fór að nota MariCell Smooth kremið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fann strax breytingu á húðinni

Soffía Guðlaugardóttir, 17 ára nemandi í MH og starfsmaður á Sóltúni, hefur notað Mari-Cell Smooth kremið með mjög góðum árangri. Hún segist aldrei hafa haft jafn silkimjúka og fína húð. MariCell Smooth kremið er íslenskt hugvit og framleitt hér á landi. **2**



Soffía segir að vinkona hennar hafi bent á MariCell Smooth sem mjög góða vöru og hún hafi slegið til og prófað. „Kremið kom mér á óvart,“ segir hún. „Þetta er mjög græðandi krem og maður finnur strax mikinn mun á húðinni. Ég hefði ekki áttað mig á þessari vöru ef mér hefði ekki verið bent á hana. Umbúðirnar láta ekki mikið yfir sér og ég vissi ekkert um kremið. Ég vil því gjarnan benda unglíngum á þessa vöru því maður finnur mjög fljótt fyrir breytingu á húðinni. Ég var eiginlega hissa hvað þetta er gott krem,“ segir hún.

Þegar Soffía er spurð hvað það hai verið sem hún fann fyrst fyrir eftir að hún byrjaði að nota kremið, svarar hún: „Ég fann strax mikla breytingu á húðinni hvað varðar mýkt auk þess sem kremið er rakagefandi en ég er með þurra húð. Fyrst bar ég kremið á hendurnar á mér því ég var með húðnabba. Ég sá strax mikinn mun og ákvað því að prófa þetta á andlitinu. Það kom mér á óvart hvað kremið gerði húðinni gott. Hún varð þéttari og fór eiginlega að ljóma,“ segir Soffía. „Kremið er ekki gert fyrir unglíngabólur en ég fann strax að það hafði góð áhrif enda mjög græðandi. Það eru ávaxtasýrur í MariCell sem vinna á áhrifaríkan hátt á bólum og filapenslum. MariCell Smooth er náttúrulegt krem og er íslensk uppfinning sem er mjög traustvekjandi,“ segir hún.

Soffía segist geta mælt með MariCell Smooth fyrir alla en það er sérstaklega þróað fyrir húðnabba, hárhökra, rakstursbólur og inngróin hár. Kremið inniheldur mOmega3™ fjölómattaðar fitusýrur og byggir á íslenskri einkaleyfavarinni tækni. „Kremið er fyrir allan aldur, karla sem konur,“ segir hún. „Umbúðirnar eru einfaldar í notkun, maður þarf ekki að dýfa puttanum ofan í krukku. Það er hægt að kaupa MariCell í næsta apóteki. Ég er búin að ráðleggja nokkrum vinum mínum að prófa kremið til að fá betri húð. Þetta er gæðavara og svo sannarlega peninganna virði því maður finnur strax mun á húðinni.“

Íslensk framleiðsla

MariCell Smooth er íslenskt húðmeðhöndlunarefni til meðhöndlunar á ýmsum húðkvillum sem er þróað af dr. Baldri Tuma Baldurssyni húðsjúkdómalækni en það er Kerecis sem stendur á bak við þróunina. Kerecis er íslenskt lækningavörufyrirtæki sem framleiðir sínar vörur á Ísafirði.

Baldur segir að krem eins og MariCell Smooth hafi vantað á markaðinn. „Ég fékk fyrst beiðni um að þróa fótakrem sem hefði meiri virkni en þau sem eru þegar á markaðnum. Beiðnin kom frá bandarískum samstarfsaðilum okkar. Ég hafði þessa formúlu í kollinum, ég þróaði hana áfram og úr varð MariCell Smooth.“ útskýrir hann.

„MariCell Smooth er virkasta kremið í vörulínunni en það er líka hægt að fá hreint rakakrem með bólgueydandi virkni og með omega-olíu sem heitir MariCell XMA. Smooth kremið er endurnýjandi fyrir húðina. Það jafnar húðina og tekur óæskilega hornhúð. Sterkasta formúlan var gerð fyrir þá sem eiga við þá vandamál að stríða að fá rakstursbólur eða hñokra í húð á upphandleggjum. Þótt það hafi ekki verið ætlunin í byrjun þá er í kreminu svipuð samsetning og er í því sem kallað er yngingarkrem. Ástæðan fyrir að kremið virkar eru innihaldsefni og eins og alltaf þegar um virk efni er að ræða þarf að lesa leiðbeiningar um notkun.“

Hvað eru húðnabbar?

Húðnabbar, það er hárhñokrar og rakstursbólur, geta myndast af ýmsum ástæðum. Hárhñokrar (keretosis pilaris) myndast þegar hársökkir stíflast og rakstursbólur myndast þegar hár vex undir húð (pseudofolliculitis bartae). Efst lag húðarinnar er meðal annars búið til úr próteini sem kallast keratín. Ef þetta lag er of þykkt/þurr getur það hindrað vöxt agnarmárra líkamshára upp úr hársökkjum. Afleiðing er að lítil bunga eða hárhñokri, sem inniheldur hár og dauða húð, myndast á húðinni.

Algengast er að hárhñokrar myndist á upphandleggjum, lærum og lendum. Hárhñokrar eru oftast hvítir eða rauðir að lit og valda yfirleitt hvorki sársauka né kláða. MariCell Smooth slakar á húðinni, þannig að auðveldara verður fyrir líkamshár að vaxa upp úr hársökkjunum. Efnið mýkir einnig hárhñokra, þannig að auðveldara verður að nudda þá af eftir sturtu eða heit böð.

Rakstursbólur geta bæði verið ljótar og sársaukafullar og verða til þegar skarpur nýrakaður hárendi vex inn í húðina. Rakstursbólur geta valdið örum, roða og bólgum. MariCell™ SMOOTH slakar á húðinni þannig að hún gefur betur eftir þegar hið nýrakaða hár vex.



MariCell Smooth er íslenskt húðmeðhöndlunarefni sem er þróað af dr. Baldri Tuma Baldurssyni húðsjúkdómalækni.



Bólur eftir rakstur er hvítleitt vandamál sem margir karlmenn kannast við. MariCell Smooth er sérstaklega hannað til að vinna á þeim vanda.



MariCell er í þægilegum umbúðum.



Soffía hefur mælt með MariCell Smooth kreminu við vini sína.

Gott eftir rakstur og vax

Þegar Baldur er spurður hvort kremið geti gagnast við unglíngabólur, svarar hann: „Það gæti vel gert það. Bólur í andliti verða til þegar hyrnislag húðarinnar verður þykkara og stíflar fitukirtla sem þá mynda filapensla. Öll krem sem þynna hyrnislagið hjálpa til við að losa út filapensla og minnka bólumyndun. Kremið þynnir óæskilega hornhúð og opnar húðina sem



Margir kannast við vandamál af þessu tagi. MariCell hefur virkað vel gegn svona húðnöbbum.

kemur í veg fyrir óæskilega filapenslamyndun. Kremið minnkar líkur á hárhñokrum, inngrónum hárum og rakstursbólum. Einnig hefur það mjög góð áhrif eftir vaxmeðferð til að hindra innvöxt á hárum. Virkni kremsins gefur jafnari lit á húðina og hefur jákvæð áhrif á allra finustu hrukkurnar. Með notkun MariCell Smooth kemst rakinn betur inn í húðina og hún verður fyllri. Ef fólk er með harða húð á höndum, olnbogum eða fótum finnur það strax mun þegar það byrjar að nota kremið,“ segir Baldur en hann hefur sjálfur notað kremið með góðum árangri.

MariCell Smooth

- Mýkir hárhñokra (bólur á upphandleggjum, lendum, lærum) þannig að auðvelt verði að nudda þá af.
- Minnkar líkur á hárhñokrum, inngrónum hárum og rakstursbólum.
- Mýkir upp harða húð á erfiðum svæðum t.d. sigg á höndum og olnbogum.

» Sterkasta formúlan var gerð fyrir þá sem eiga við það vandamál að stríða að fá rakstursbólur eða hñokra í húð á upphandleggjum.

Þrjúþætt virkni

- mOmega3-fitusýrur eru unnar úr sjávarfangi og innihalda meðal annars EPA og DHA fitusýrur sem húðin getur nýtt sér til að viðhalda heilbrigði millifrumuefnis í hyrnislagi húðarinnar.
- Ávaxtasýra mýkir efsta lag húðarinnar, flýttir fyrir húðflögnun og eykur gegndræpi húðarinnar þannig að mOmega3™ fitusýrur og karbamið eiga auðveldara með að smjúga inn.
- Karbamið gefur raka og eykur vatnsbindigetu húðarinnar.

mOmega3 tækni

Efst lag húðarinnar (hyrnislag) er búið til úr 15–20 lögum af frumum. Neðstu frumur húðarinnar eru lifandi, en eftir því sem ofar dregur þorna frumurnar, deyja og mynda hyrnislag. Á milli þurru frumnanna er fylliefni, sem er ríkt af fitusýrum. Fitusýrurnar halda hyrnislaginu mjúku og vatnseldu. Undir ákveðnum kringumstæðum rýrnar fylliefnið þannig að hyrnislagið opnast og hin lifandi húð missir frá sér raka sem getur svo valdið því að húðin dregst saman og þéttist þannig að hár komist ekki í gegnum hana eða dragist upp með hárunum þannig að hárhñokrar myndist. Viðbrögðin við þessu er að nýmyndun á hyrnislagi er gölluð, innvöxtur á hárum verði og hárhñokrar myndist. mOmega3 fitusýrurnar endurmynda og styrkja fylliefnið milli frumnanna. ■

Brúðkaup

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 21. maí 2021



Halla Helga og Bjarki náðu að gifta sig með pomp og prakt í fyrrasumar en það munaði litlu að heimsfaraldurinn kæmi í veg fyrir það.

MYNDIR/GUNNAR FREYR STEINSSON

Draumurinn að gifta okkur og verða hjón

Þau Halla Helga Jóhannesdóttir og Bjarki Guðmundsson giftu sig í júní í fyrra þegar Covid lá í tímabundnum dvala hér á landi. Bónorðið var borið upp í fríi á Tenerife og sléttu ári seinna héldu þau draumabruðkaup. [2](#)



Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@
frettabladid.is

Halla Helga starfar sem kennari og Bjarki vinnur hjá Arion banka. Þau hafa verið saman í rúm níu ár og eiga eina dóttur, Sunnevu Björg þriggja og hálfis árs, og hundinn Trygg. Síðasta sumar giftu þau sig og þrátt fyrir erfitt ár gekk allt upp og eru þau hjónin sérlega þakklát fyrir það.

Bjarki bað Höllu Helgu úti á Tenerife þegar þau voru þar í fríi með fjölskyldunni hans þann 20. júní 2019.

„Bjarki var búinn að semja við foreldra sína að líta eftir stelpunni okkar og var búinn að panta í paranudd fyrir okkur. Við förum í göngutúr á ströndinni og í paranudd. Eftir nuddið var hann búinn að panta borð á strandbar sem var með svona lítil hús á ströndinni. Við förum í þannig og pöntuðum okkur drykki og eftirrétti og vorum að spjalla,“ segir Halla Helga.

Hún segir svo frá því að Bjarki hafi farið með ræðu sem endaði á því að hann þakkaði henni fyrir síðastliðin sjö ár og bað hana um að eyða restinni af lífinu með sér. Halla sagði strax já.

Strax daginn eftir bónorðið keyptu þau Halla Helga og Bjarki litla undirbúningsbók og byrjuðu að plana brúðkaup.

„Bjarki var búinn að pæla í því að 20.06.20 væri laugardagur og það dýrka allir flottar dagsetningar þannig að okkur fannst það fullkomið,“ segir Halla Helga og bætir við að þau hafi haft samband við prestinn strax daginn eftir.

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson framkvæmdi athöfnina en þau Bjarki og Halla Helga segja að það hafi skipt þau mjög miklu máli að hann gifti þau.

„Við vildum þessa dagsetningu en vorum samt sammála um að ef Óli væri upptekinn myndum við gifta okkur á þeim degi sem hann væri laus. Hann gifti meðal annars systur mína og þegar við löbbaðum út úr brúðkaupinu þeirra vorum við 100% sammála um að hann yrði presturinn okkar. Hann er svo orðheppinn, fyndinn, skemmtilegur og með ótrúlega góða nærveru. Alveg einstakur,“ segir Bjarki.

Ómetanleg aðstoð

Þau Halla Helga og Bjarki fengu ómetanlega aðstoð vina og fjölskyldu við undirbúning brúðkaupsins. Rétt áður en Covid skall á Evrópu fyrir alvöru í febrúar 2020 fóru Halla og Bjarki til Danmerkur og Halla fór með vinkonum sínum sem búa þar að máta kjóla og fá hugmynd um hvernig kjól hún vildi. Hún fann síðan fullkominn kjól í Lofordi í Hafnarfirði og fékk frábæra þjónustu þar.



Halla Helga og Bjarki með Sunnevu Björgu dóttur sinni í Safnahúsinu þar sem þau létu taka myndir þegar þau litu hvort annað fyrst augum í brúðarklæðnaði.

„Bjarki lét sérsauma á sig jakka-föt hjá John Taylor, vinur hans og pabbi minn fóru með og þeir fengu allir mjög flott jakka-föt, alveg eins og þeir höfðu hugsað sér,“ segir Halla Helga.

Fullt af fólki aðstoðaði hjónin tilvonandi í salnum og tveir vinir þeirra voru veislustjórar og voru þeir, að sögn Höllu Helgu og Bjarka, alveg á milljón rétt fyrir brúðkaupið að hjálpa þeim með allt.

Fyrir brúðkaupið gerðu brúðhjónin sig tilbúin hvort í sínu lagi, heima hjá foreldrum sínum.

„Vinkonur mínar komu með og það var ómetanlegt að hafa þær. Tanja Ýr vinkona mín málaði mig og gerði hárið og var með mér allan daginn að laga mig. Hún kom líka með okkur í myndatökuna og var alltaf að laga okkur til. Við förum til dæmis í grasagarðinn og á nokkrum myndum er hún bak við okkur að halda uppi kjólnum mínum svo að það færi ekki gæsaskítur í kjólinn, hún sést samt ekkert! Síðan komu tvær vinkonur okkar með okkur í myndatökuna til þess að passa upp á stelpuna okkar og fylgjast með henni og það var ómetanlegt,“ segir Halla Helga.

Brúðkaupið sjálft fór fram í Laugarneskirkju en veislan var haldin í Kalastada koti í Hvalfirði.

„Staðsetningin og allt hafði ekki getað verið fullkomnara. Útsýnið var stórkostlegt. Það var tjaldstæði með salnum þannig að mjög margir komu með tjöld, hjólhýsi, fellihýsi eða húsbíl og gistu fyrir utan! Síðan voru mjög margir sem gistu á hótelnunum í kring eins og Hótel Glym og Hótel Laxárbakka. Það gistu næstum allir gestirnir og það var ótrúlega skemmtilegt! Það voru 110 manns í veislunni,“ segir Bjarki.


„Það var greinilegt að það voru allir mjög tilbúinir í góða veislu og skemmtilegt parti! Við vorum með fordrykk og smárétti og svo aðalrétti og köku. Við vorum með miklar sérþarfir um hvernig mat við vildum og við töluðum við Hlyn kokk. Hann eldaði nákvæmlega það sem okkur langaði að hafa og fólk talaði um það í marga mán-



Veislan var haldin á fallegum stað í Hvalfirði. Flestir gestirnir gistu á tjaldstæðinu við salinn eða á hótelnunum í kring.



Brúðhjónin ásamt gestunum fyrir framan Laugarneskirkju að lokinni athöfn. Eftir hana lá leiðin upp í Hvalfirð þar sem haldin var veisla og dansað fram á nótt.



Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson gaf hjónin saman. Þau Bjarki og Halla Helga segja að það hafi skipt þau mjög miklu máli að séra Ólafur Jóhann sæi um athöfnina.

Það var svo um miðjan maí sem það var orðið ljóst að það mættu 200 manns hittast, rétt mánuði fyrir brúðkaupið!

Halla Helga Jóhannesdóttir

údi á eftir hvað maturinn hafði verið ótrúlega góður. Eftir matinn var svo almennilegt parti með dj þar sem fólk dansaði og skemmti sér eins lengi og það vildi.“

Óvenju slök þrátt fyrir faraldur

Þau Bjarki og Halla Helga voru heppin að geta gift sig og haldið veislu á draumadeginum en stuttu eftir brúðkaupið voru samkomutakmarkanir hertar aftur.

„Við vorum mjög þakklát fyrir ná því að halda brúðkaupið á þessum tíma. En við náðum því miður ekki að fara í brúðkaupsferðina okkar. En við förum bara í hana seinna,“ segir Halla.

„Það er smá fyndið að segja frá því að við vorum að gifta okkur á Covid-tímum þar sem er fullt af hlutum til að stressa sig á. En það eina sem við vorum stressuð með var hvar stelpa okkar ætti að vera í þösson. En síðan spurðum við yndislega konu, Tinnu, sem vinnur á leikskólanum hennar. Þá vissum við að hún væri glöð og í öruggum höndum. Við erum svo endalaust þakklát fyrir að hún hafi viljað passa fyrir okkur.“

Þau hjónin segjast hafa litnið á það þannig að þau græddu ekkert á því að stressa sig á því sem þau hafa enga stjórn á.

„Og heimsfaraldur er svo sannarlega eitthvað sem við höfum enga stjórn á. Við byrjuðum að plana brúðkaupið ári áður og keyrðum langflest kortin út í desember eða janúar. Okkur langaði svo að rétta fólki kortið. Síðan kom Covid og þá var þessi óvissa. Við vorum samt með Facebook-hóp og vorum alveg

að láta gesti vita að við værum ennþá að vona að við gætum haldið giftingu, hitt alla og dansað fram á rauðanótt. Það var síðan um miðjan maí sem það var orðið ljóst að það mættu 200 manns hittast, rétt mánuði fyrir brúðkaupið!“ segir Halla Helga.

„Í rauninni skiljum við ekki hvernig við gátum verið svona slök þegar við hugsum til baka núna. Við vorum ákveðin í að gifta okkur þennan dag því draumurinn okkar var að gifta okkur og verða hjón, það var það sem skipti mestu máli. En eina skilyrðið var að bróðir Höllu sem býr í Noregi myndi komast þannig að við fylgdumst mjög mikið með flugsamgöngum. Við munum ekki hversu oft flugið hjá honum og fjölskyldunni hans breyttist og var aflýst. En þau komust!“ segir Bjarki.

„Pabbi hennar Höllu var líka alltaf handviss um að það yrði brúðkaup og stór veisla og var algjör peppari þannig það smitaði út frá sér og einhvern veginn trúðum við honum bara. En við erum bara svo ótrúlega heppin með allt fólkið okkar sem við buðum að það var enginn að stressa sig eða ýta á okkur að gefa svar hvort giftingin yrði eða ekki. Það voru bara allir rólegir. Við hugsuðum alltaf að ef við þyrftum að afboða eða fresta með stuttum fyrirvara þá myndu allir skilja það.“

Þau Halla Helgi og Bjarki segja að það sem hafi staðið upp úr eftir daginn sé að þau hafi orðið hjón.

„Við dýrkum sjálfa athöfnina ótrúlega mikið, okkur fannst bara svo gaman að gifta okkur að við skiptumst á að gráta og hlæja til skiptis. Síðan stendur líka upp úr að vita hversu frábært fólk við eigum að. Það var næstum 100% mæting, allir glaðir og hressir og skemmtu sér svo vel! Það voru allir tilbúinir að hjálpa okkur með allt. Síðan vorum við með æðislegan ljósmyndara, Gunnar Frey Steinson, sem er með vefsíðuna gunnarfreyr.com og RVK-events sáu um að taka allt upp og við erum búin að skoða myndirnar óteljandi oft og horfa á athöfnina og allar ræðurnar aftur og aftur.“ ■



Lin
DESIGN



ÍSLENSK HÖNNUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Fullkomið framhald á stóra deginum

Slökun, matarupplifun og gisting á hóteli.

Eftir stóra daginn bíða augnablik sem ylja í Bláa Lóninu.

Njóttu alls þess sem Bláa Lónið hefur upp á að bjóða.



The Retreat
BLUE LAGOON ICELAND

blaalonid.is

Öll brúðkaup eru heill og hamingja



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur í Fríkirkjunni, hefur gefið saman fjölda brúðhjóna á rúmlega 30 ára starfsferli. Hann hefur skírt börn, fermt og síðan gift þannig að hann fylgir kynslóðunum eftir. Hjörtur segir að gifting sé mikil gleðistund í kirkjunni.

Hjörtur Magni fann vel fyrir því hvernig öll brúðkaupsplön breyttust um leið og samkomutakmarkanir voru hertar í landinu í kjölfar Covid. Venjulega giftir hann mikinn fjölda hjóna á hverju ári, sérstaklega yfir sumartímann. „Það varð mikil breyting. Margir sem frestuðu og endurbókuðu. Það var til í dæminu að fólk endurbókadi fjórum sinnum,“ segir hann. „Covid-tíminn hefur mótast mikið af þessum frestunum en giftingar hafa stundum endað í lágstemmdri helgri athöfn í kirkjunni eða í heimahúsi þar sem fáir útvaldir fá að vera með,“ segir Hjörtur og bætir við að hann hafi átt að gefa saman glæsilegt par í kastala sem er staðsettur í Hálöndum Skotlands. „Það var mikil tilhlökkun hjá mér og konunni minni að fara þangað þar sem við stunduðum framhaldsnám á þessum slóðum á sínum tíma. Þessu brúðkaupi var frestað eins og svo mörgum öðrum. Einnig átti ég að gefa saman hjón á Tenerife í desember og því var einnig frestað. Flest öll brúðkaup síðasta árs hafa einkennst af frestunum, afbókunum eða endurbókunum,“ segir hann.

Bjartsýni með sumarið

Nú er vonin aðeins að vakna í þjóðfélaginu eftir því sem bólu-setningum fjölga. „Fólk hefur haldið að sér höndum en ég finn



Hjörtur Magni, prestur í Fríkirkjunni, á von á því að sumarið verði annasamt þar sem mjög mörg brúðkaup hafa verið bókuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

núna fyrir kipp og sýnist að júlí, ágúst og september verði stærri en í venjulegu ári. Flestir eru bjartsýnir og telja að það fari að losna um takmarkanir. Mjög margir eru að bóka sem höfðu ætlað að gifta sig í fyrri. Ég finn að það eru margir með von og væntingar til komandi sumars. Það er gaman að segja frá því að til stendur að ég gifti dóttur mína í haust. Ég kem því víða við og giftingar snerta mann með ýmsu móti,“ segir hann.

Ekki farin hefðbundin leið

Fríkirkjan í Reykjavík hefur mikla sérstöðu þar sem hún er miðsvæðis í Reykjavík. „Við förum ekki alltaf hefðbundna leið og þess vegna er mikið leitað til okkar. Ég hef oft talað um að hinar helgu athafnir,

hvort sem þær snúast um gleði eða sorg, séu í höndum þeirra sem njóta þeirra.“

Fleiri skilnaðir

Þegar Hjörtur er spurður hvort einhverjir hafi hætt við að gifta sig í Covid og beinlínis hætt saman, svarar hann: „Ég myndi líklega ekki heyra um það. Hins vegar hefur verið töluvert um skilnaði í þessu ástandi. Þeim hefur fjölgað. Því er ekki að neita að brúðkaupi fylgir mikil streita og álag. Ég hef varað fólk við að spenna bogann ekki of hátt. Brúðkaup geta verið mjög kostnaðarsöm auk þess sem það kostar mikla orku í undirbúningi. Í mínum huga er það hugarástandið og ástin sem skiptir meginmáli en ekki umgjörðin.“

Mjög margir eru að bóka sem höfðu ætlað að gifta sig í fyrri. Ég finn að það eru margir með von og væntingar til komandi sumars.

Hjörtur segir að margir ætli að halda veglegar brúðkaupsveislur þegar takmörkunum verður aflétt en hann segist geta trúað að margir kjósi látlausari brúðkaup. „Covid hefur örugglega haft varanleg áhrif á ýmislegt í kirkjulegum athöfnum. Fólk er orðið praktískara og aðeins látlausara í öllum veisluhöldum. Margt af því tel ég vera til góðs.“

Fríkirkjan tók því fagnandi þegar lög um rétt samkynhneigðra sem heimiluðu hjónaband voru lögleidd á Alþingi árið 2010. Mörg samkynhneigð pör kunnu að meta samstöðu Fríkirkjunnar og Hjartar Magna, en hann hefur gefið saman fjölda para, bæði homma og lesbía. Mörg slík hjónabönd eru fyrirhuguð í sumar sem hafa frestast. „Mér þykir ákaflega ánægjulegt að framkvæma samkynhneigðar athafnir. Öll brúðkaup eru gleði og hamingja sem ástæða er til að gleðjast yfir. Undir niðri er þetta síðan heill og hamingja hjóna og barna þeirra. Það er því mikið í húfi á þessum stóra degi.“

Hjörtur Magni og Fríkirkjan verða með þátt á Hringbraut núna um hvítasunnuhelgina sem nefnist Hátið andans. Þátturinn fjallar um nálgun Fríkirkjunnar að hvítasunnuhátíðinni. ■

Reynsluboltar sem koma með stuðið

Hægt er að fá píanóleikarann Pálma Sigurhjártarson og saxófónleikarann Bjössa Sax til að koma og spila í brúðkaupsveislum og á öðrum mannamótum. Þeir hafa mikla reynslu sem dúett og flytja fjölbreytta flóru þekkra dægurlaga sem koma öllum í stuð.

Píanóleikarinn Pálmi Sigurhjártarson og saxófónleikarinn Björn Kristinsson, betur þekktur sem Bjössi Sax, hafa nú stillt saman strengi sína og lúðra og eru til þjónustu reiðubúnir með tónlistarflutning sem kemur fólki út á dansgólfið og hentar við margvísleg tækifæri.

Pálmi Sigurhjártarson er þjóðkunnur tónlistarmaður sem hefur komið að afar fjölbreyttum tónlistarverkefnum. Hann hefur verið laga- og textahöfundur, spilað undir með helstu söngvurum þjóðarinnar og sinnt tónlistarstjórn í útvarpi og sjónvarpi. Hann er því einn af reyndustu tónlistarmönnum þjóðarinnar og tónlistarflutningur hans er alltaf fumlau og fagmannlegur.

„Ég hef alltaf spilað á alls kyns samkomum og mannamótum meðfram annarri tónlistarvinnu og það er gaman að geta nú loksins farið að spila og skemmta fólki aftur eftir faraldurinn,“ segir Pálmi. „Þetta er svo mikill hluti af manni.“

Vinna vel saman

Bjössi Sax skaust upp á stjörnuhimininn í sjónvarpsþáttunum Í kvöld er gigg, sem voru sýndir á Stöð 2 síðastliðinn vetur. Þar



Pálmi Sigurhjártarson og Bjössi Sax hafa margoft komið fram sem dúett og þeir flytja fjölbreytta flóru íslenskra og erlendra dægurlaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Það er gaman að geta nú loksins farið að spila og skemmta fólki aftur eftir faraldurinn. Þetta er svo mikill hluti af manni.

Pálmi Sigurhjártarson

sannaði hann sig sem einn af betri saxófónleikurum landsins og á vormánuðum var hann síðan tilnefndur sem Bæjarlistamaður Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2021.

Pálmi og Bjössi hafa margoft komið fram sem dúett síðan árið 2018.

„Bjössi hélt stóra jólatónleika í Gamla Bíói fyrir jólin 2018 og þá réð hann mig í hljómsveitina. Samstarfið hefur svo haldið áfram

síðan,“ segir Pálmi. „Við höfum haldið áfram að spila saman því við vinnum svo vel saman. Við lesum hvor annan vel og eigum auðvelt með að leika af fingrum fram.“

Á dagskránni er alltaf fjölbreytt flóra íslenskra og erlendra dægurlaga sem þeir félagar bæði spila og syngja. Auk þess getur fólk komið með séróskir um lög eftir því sem tilefni er til. ■

Hægt er að ná í Pálma í síma 898-5611 og netfangið er palmisigurhjaratar@gmail.com.

Síminn hjá Birni er 612-3594 og netfangið er bjorn_sax@hotmail.com.

Þá er einnig hægt að finna á Facebook undir facebook.com/Bjornkristinsson sax/ og facebook.com/palmi.sigurhjaratarson.

Ykkar eigin veisla

Nýtt

INBJUDEN
tertudiskur með loki

4.990,-



Verslun opin 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)



Brúðarterta ársins er nakin vanilluterta



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn@
frettabladid.is

Arna Guðlaug Einarsdóttir kökuskreytingameistari veit fátt skemmtilegra en að baka og skreyta kökur fyrir stóran daginn. Arna gerir ávallt nokkrar brúðartertur á hverju sumri og nýtur þess til fulls enda spilar brúðartertan stórt hlutverk í brúðkaupinu með útliti og bragði.

Arna Guðlaug segir að mikilvægt sé að brúðartertan sé bragðgóð, einföld og falleg.

„Lifandi blóm gera allar kökur fallegar. Það er líka mjög mikilvægt að huga að því að margra hæða kökur geta ekki verið dúnmjúkar. Míнар uppskriftir eru til að mynda allar mjög mjúkar og henta því illa í margra hæða kökur. Til að kökur haldi formi á mörgum hæðum þurfa þær að vera þéttar í sér. Það þýðir ekki að þær séu verri á bragðið en þær eru samt þurrari. Þetta finnst mér mikilvægt að fólk hafi í huga.“

Tertur í anda sveitarómantíkur með lifandi blómum og berjum

Er ákveðnar tegundir brúðarterta vinsællar í dag en aðrar?

„Undanfarið ár hafa brúðarterturnar verið í smærri kantinum, alveg frá 10 manna upp í hámark 50 manna. Þetta svokallaða „rustic look“ með lifandi blómum eða jafnvel berjum hefur verið mjög vinsælt.“

Hvernig er best að skreyta brúðartertu?

„Ég skreyti alltaf daginn fyrir brúðkaupið, þá er ekkert stress, en ef það eru lifandi blóm bæti ég þeim í á síðustu stundu.“

Vanilla er vinsælasta bragð brúðarterta í heiminum

Ertu til að gefa okkur góð ráð þegar kemur að því að velja brúðartertuna, bæði hvað varðar bragð, lit og skreytingar?

„Vinsælasta bragð brúðarterta í heiminum í dag er vanillubragð. Það er eitthvað sem klikkar aldrei og nær til flestra. Ég myndi hafa



Nakin vanillukaka skreytt með berjum að hætti Örnú.

” Ef lifandi blóm eru á tertunni er gott að hafa vatnsglas hjá og setja blómin í. Þá myndast þar fallegur vöndur.

sem minnst af óætum skreytingum, eins og borða, fiðrildi og skrautsteina. Því þá þarf að byrja á því að strípa kökuna af öllum skreytingunum áður en hún er skorin. Ef lifandi blóm eru á kökunni er gott að hafa glas af vatni við hlið kökunnar þegar hún er skorin og setja blómin þar þegar að þau eru tekin úr. Þá myndast smá saman fallegur vöndur við hlið kökunnar.“

Ertu til í að svipta hulunni af þinni upphalds uppskrift fyrir brúðartertu ársins 2021?

„Ég ætla að gefa uppskrift að skotheldri vanilluköku. Það sem mér finnst líka gaman við vanillukökur er að það er hægt að setja fersk ber eins og jarðarber, hindber og brómber annað hvort í kremið eða ofan á kremið inni í kökunni. Flestar naktar kökur eru líka vanillukökur.“

Gómsæt vanillubrúðarterta að hætti Örnú Guðlaugar

[2½ bolli hveiti](#)
[2½ tsk. lyftiduft](#)
[½ tsk. salt](#)
[¾ bolli smjör, við stofuhita](#)
[1½ bolli sykurl](#)
[3 msk. Isio 4 olía](#)
[1 msk. vanilludropar \(já, matskeið\)](#)
[4 stór egg, við stofuhita](#)
[1¼ bolli nýmjólk](#)

Byrjið á því að hita ofninn í 160°C með viftu en 180°C með yfir og undirhita. Sigtið þurrefnin nema sykurrinn saman í skál og leggið til hliðar. Þeytið saman smjör, sykurl, Isio 4 og vanilludropana í 3-4 mínútur í hrævíl eða með handþeytara. Bætið eggjunum við einu í einu. Best að skafa skálina með sleikju á þessum tímabili. Hellið helmingnum af þurrefn-



Arna Guðlaug Einarsdóttir er kökuskreytingameistari og fagurkeri með meiru.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNI



Það er hægt að leika sér með lifandi blóm þegar tertan er skreytt.



Tveggja hæða terta með margvíslegum berjum og lifandi blómum.



Fallega skreytt brúðarterta með gyllingu og lifandi blómum.



Hvít og tignarleg terta, í stíl við brúðarkjölinn, einföld og bragðgóð.



FYRIR VEISLUNA

comma,

SMARALIND

COMMAICELAND

TARAMAR

Húðvörur úr
náttúru Íslands



Látum fegurðina lýsa

DAY TREATMENT

Endurræsir, afeitrar og styrkir húðfrumur. Meiri mýkt, raki og fallegri húð.

PURIFYING TREATMENT

Djúphreinsar og afeitrar húðina. Þéttari húð með fallegan ljóma.

THE EYE TREATMENT

Þéttir og dregur saman signa húð. Minni augnpokar og unglegra útlit.



NIGHT TREATMENT

Styrkir kollagen þræðina og tengir saman efri og neðri lög húðarinnar. Mýkri og jafnari húð.

THE SERUM

Eykur raka og kollagen í húðinni. Jafnari húð með færri hrukkum.

THE ARCTIC FLOWER TREATMENT

Eykur raka og kollagen í húðinni. Jafnari húð og færri línur, sérstaklega á varasvæðinu.

Notaðu kóðann „**gifting**“ til að fá 30% afslátt á öllum vörum á taramar.is*



*Afsláttur miðast við fullt verð vöru og getur ekki bæst ofan á önnur tilboð

Síðustu gestirnir út sex um morguninn



Hjördis Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Kristín Guðrún Jónsdóttir og Steinar Freyr Gíslason fagna bráðum 17 ára brúðkaupsafmæli en þau gengu í hjónaband 5. júní árið 2004. Kristín segir veisluna hafa heppnast ákaflega vel, það var dansað fram á nótt og einhverjir gestanna enduðu herlegheitin á sjósundi í morgunsárið.

Kristín og Steini kynntust undir lok síðustu aldar, eða árið 1998 nánar tiltekið. Kristín var þá nýflutt heim frá Bandaríkjunum eftir nám.

„Ég er 18 ára gömul þegar ég kem heim og hitti þá sætan vin bróður míns. Þeir höfðu kynnst í menntaskóla og voru mikið að hanga saman. Ég var líka á þessum tíma mikið hangandi með bróður mínum og þáverandi kærasta hans var besta vinkona mín.“

Ráðahagurinn virðist hafa legið í loftinu en þau Kristín og Steini bjruðu svo formlega saman 7. nóvember 1998.

Lágstemmd trúlofun

Kristín segir trúlofunina hafa verið látlaus enda séu þau hvorugt mikið fyrir formlegheit.

„Við lágum upp í rúmi áramótin 2001-2002 og vorum að ræða að flytja inn saman. Ég sagði þá að ég ætlaði ekki að flytja inn með kærastanum mínum,“ segir Kristín og gaf þannig til kynna að slíkri skuldbindingu fylgdi jafnvel frekari skuldbinding.

Steini var ekki lengi að kveikja á perunni og hvíslaði þá lágum rómi: „Eigum við ekki að gifta okkur?“ Þar með var það ákveðið.

„Við keyptum okkur silfurhringa en þegar Steini var steggjaður viku fyrir brúðkaupið var hann látinn synda í sjónum og týndi hringnum, sem var svo sem í lagi því við vorum búin að kaupa nýja hringa fyrir brúðkaupið. En við gleymum oft að halda upp á brúðkaupsafmælið og okkur finnst það ekki skipta öllu máli.“

Maður reynir að gera það sem maður getur óháð dagsetningum.“

Eitt brúðkaupsafmælið stendur þó upp úr. „Við bjuggum saman í Bandaríkjunum í þrjú ár og eitt árið fórum við á Formúlu 1 keppni í Montreal í Kanada. Eftir máluna fórum við svo í spilavíti, fengum okkur finan kvöldmat og fengum köku sem var búin að skrifa á „Happy anniversary“. Ætli það sé ekki eftirminnilegast.“

Á hvolfi í rússneskri rellu

Gæsun Kristínar, sem vann á þeim tíma á Fridays, var ekki af verri endanum.

„Það var dinglað hjá okkur á laugardagsmorgni, ég svara og þá var það öryggisvörður frá Securitas sem tilkynnti mér að það væri búin að brjótast inn í bílinn okkar. Það hafði gerst skömmu áður svo það þetta kom mér ekki á óvart. Steini var í sturtu og ég nývöknud þannig að ég hoppa í peysu, hleyp út og mæti fullklædda öryggisverðinum. Ég er hugsandi: Andskotinn, ég þarf að fara út til að komast í bílakjallara, og svo kem ég þangað og þá standa allar stelpurnar og hrópa „Surprise!“.

Þá var Steini með í þessu en þær höfðu beðið hann um að passa að ég myndi ekki senda hann niður þannig að hann var bara í sturtu á meðan. Stelpurnar sem ég var að vinna með voru svo búnar að redda fríi fyrir mig, þetta var mjög vel skipulagt hjá þeim.“

Þá hófst ballið en Kristín þurfti þó ekki að hafa áhyggjur af því að vera sett í neyðarlegar aðstæður. „Ég var búin að taka fyrir ákveðna hluti eins og að fara í Kringluna að sníkja kossa,“ segir hún ákveðin.

„Þær voru með smá bröns á meðan þær dressuðu mig upp og vöfludu á mér hárið. Við fórum síðan í húsdýragarðinn þar sem ég var látin gefa öllum dýrunum að borða og fékk að fara frítt í öll tækin. Síðan var mér hent í listflug með gömlum hermanni í gamalli rússneskri rellu. Þegar við vorum komin upp spurði hann hvort ég



Alsæl Kristín og Steini á stóra deginum en myndatakan fór fram í Grasa-garðinum í Laugardal.

MYNDIR/ÞSENDAR



Fjölskyldan í Bandaríkjunum.

Fjölskyldan stundar hreyfingu og úttivist af miklu kappi.



Erik Nóri, Steini og Kristín á góðri stundu við gosstöðvar.



PRAKT
ÍSLENSKIR SKARTGRIPIR

PRAKT Laugavegur 82 101 Reykjavík www.prakt.is

hefði séð Reykjavík á hvolfi. Ég leit til hægri og þá fór vélin á hvolf og flaug upp og niður. Frekar tryllt.“

Skralld undir morgun

Kristín segir brúðkaupið ekki hafa verið planað út í ystu æsar. Þau hafi ákveðið að gifta sig í Bústaðakirkju og halda síðan stórt parti. Þau reyndu eftir fremsta megni að sjá um hlutina sjálf ásamt því að virkja vini og vandamenn.

„Foreldrar Steina áttu stórt einbýlishús í Breiðholti sem var tilvalið. Við settum partitjald yfir garðinn, tengdum hljóðkerfi í húsið, redduðum veitingum og drykkjum sjálf auk þess sem foreldrar okkar gerðu mikið sjálf og bróðir minn var veislustjóri.“

Hvað var í matinn?

„Við vorum með kalkúnarúllur sem frænka mín kom með frá Bandaríkjunum og í forrétt var smálúða sem mamma keypti af manni sem hún þekkti. Mamma bakaði allar kökurnar og ég fékk strák sem ég var að vinna með til að skreyta þær. Við vorum með nokkrar tertur á standi en ég vildi bara súkkulaðiköku, restin var rjómakökur.“

Óhætt er að fullyrða að veislan hafi verið vel heppnuð. „Tengdó skóflaði síðustu gestunum út klukkan sex um morguninn,“ segir Kristín og skellir upp úr. „Við höfðum farið heim um 3-4 og vöknudum daginn eftir með skilaboð frá vini Steina sem sagðist hafa endað í sjónum við höfnina en þá hafði fólk farið þaðan úr partíinu og haldið áfram. Þetta var vel heppnað.“

„Ég var látin gefa öllum dýrunum í Húsdýragarðinum að borða og fékk að fara frítt í öll tækin. Síðan var mér hent í listflug með gömlum hermanni í gamalli rússneskri rellu.“

Þýðir ekkert að skella í lás núna

Eftir brúðkaupið tóku við nærgöngular spurningar. „Það var mikið spurt um hvenær barnið kæmi í mörg ár á eftir. Fólk gafst síðan á endanum upp, það hefur kannski áttað sig á því að þetta kom því ekkert við. En við áttum náttúrulega hundabarn sem við ættleiddum í Ameríku.“

Það liðu tíu ár frá brúðkaupinu þar til mennskur erfingi leit dagsins ljós en sonurinn Erik Nóri fæddist 19. nóvember árið 2014 og er því sex ára gamall í dag.

Hver er lykllinn að farsælu og langlífu hjónabandi?

„Kannski að bera virðingu fyrir hvort öðru, sýna skilning og reyna að fara ekki ósátt að sofa. Það væri skritið ef það hefðu aldrei komið upp vandamál en það er góð regla, ef upp koma leiðindi, að klára það sem fyrst. En aðallega vera góð og skilningsrík hvort við annað.“

Hvernig verða næstu 17 ár?

„Við vorum að kaupa okkur hús svo að það er nóg vinna fram undan. Það þýðir ekkert að skella í lás núna.“ ■



YEST/A shiffonkjóll
Stærðir 38-54,
Verð kr. 18.980



Pozy - Síður pífukjóll með blómamynstri
Stærðir 42-56
Verð kr.9.990



ZE-ZE Lunit – blómakjóll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990



ZE-ZE VIDIA - Síður pífukjóll með blómamynstri
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990



ZE-ZE Janel, Shiffon kjóll með pífum
Fæst líka í bleiku og bláu
Stærðir 36-48
Verð kr. 9.990

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZEZE Nordic

OPHILIA



GOZZIP Henriette Síður stuttermakjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 16.980



GOZZIP Henriette Síð tunika
Fæst líka í svörtu
Stærðir 40-56
Verð kr. 14.980



GOZZIP Lilly „Oversized“ shiffon kjóll/slá
Stærðir 40-56
Verð kr. 16.980



YESTA Linara Essential tunika
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980



YESTA Abernathy essential blámynstraður kjóll
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

SYBEL+

FRANSEN

festival DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP®

Handberg

SANDGAARD

Jana®

LASESSOR



YEST Ila tunika
Stærðir 36-48
Verð kr 7.980



IVY BEAU Unique kjóll
Stærðir 36-48
Verð kr. 9.980



ES&SIF Rifka, kjóll með vösum
Stærðir 36-46
Verð kr. 9.980



IVY BEAU Tinde kjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 13.980



JANA spariskór
Fást líka í svörtu og navybláu
Stærðir 37-42
Verð kr.13.990



LASESSOR leðurtaska
Fæst líka í brúnu og svörtu
Verð kr. 23.990

Verstunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Brúðarförðun ein mikilvægasta förðun ævinnar



Allar brúðir vilja vera fallega farðaðar á stóra deginum.

MYND/ADSEND



Ásthildur hefur haft nóg að gera undanfarin ár við að farða jafnt íslenskar og erlendar brúðir.



Ef brúðurin er ánægð með sig líður henni vel og er örugg með sig á brúðkaupsdaginn.

MYND/ADSEND



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn@
frettabladid.is

Brúðarförðun er ein mikilvægasta förðun ævinnar, ef ekki sú allra mikilvægasta. Á brúðardeginum eru teknar ótal myndir og brúðurin ver deginum með sínum nánustu. Allar brúðir vilja líta sem best út á þessum stóra degi og því er mikilvægt að vanda til verka.

Ásthildur Gunnlaugsdóttir förðunarfræðingur leggur mikið upp úr náttúrulegri og persónulegri förðun þar sem brúðurin er förðuð með það í huga að vera besta útgáfan af sjálfri sér á stóra deginum.

Féll fyrir brúðarförðun

Ásthildur hefur unnið sem sjálfstætt starfandi förðunarfræðingur í fimm ár eftir að hún útskrifaðist sem alþjóðlegur förðunarfræðingur frá Make Up Designory 2016.

Ásthildur Gunnlaugsdóttir förðunarfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

„Ég hef verið í verkefnum fyrir auglýsingar, tónlistarmyndbönd og tónleika en fljótlega eftir útskrift fór ég að sjá vöntun á sérhæfðum brúðkaupsförðunarfræðingum og fór að taka að mér brúðarförðunir sem ég algjörlega féll fyrir. Það er dásamlegt að fá að vera partur af einum stærsta degi brúðarinnar, sjálfum brúðkaupsdeginum. Brúðir eru oft svo hamingjusamar og þakklátar og það er svo falleg orka í loftinu,“ segir Ásthildur sem er innblásin af ástríðu í starfi sínu innan um hamingjuna.

Brúðarmyndataka í fagurri íslenskrí náttúru er vinsæl

Eftirspurnin varð strax mikil frá bæði íslenskum brúðum og erlendum, að sögn Ásthildar. En það eru ekki allir sem vita hversu margir koma til Íslands til þess að gifta sig og fara í myndatöku í fallegri náttúru Íslands sem laðar að með sínum fjölbreytileika og stórbrotinni náttúru.

„Fyrir Covid var ég með fleiri erlenda kúna en íslenska en það er líka vegna þess að þau velja dagsetningar allan ársins hring á meðan Íslendingar kjósa frekar að gifta sig á sumrin og þá aðallega á laugardögum.“

Ásthildur er með vefsíðuna asthildurbridal.com þar sem fólk hefur meðal annars fundið hana og haft samband í kjölfarið.

„Ég er líka að vinna náið með ýmsum brúðkaups-ferðaskrifstofum, sem starfa bæði hér og erlendis. Ég er yfirleitt bókuð um ár fram í tímann.“

Á síðasta ári fékk Ásthildur viðurkenninguna Top Beauty Expert í sumarútgáfu virta breska brúðkaups-tímaritsins Weddings and Honeymoons, þar sem hún var valin ein af 20 bestu brúðarförðunarfræðingum í heimi, sem er mikil viðurkenning fyrir hana og störf hennar.

„Ég hef farðað brúðir frá ýmsum

löndum en aðallega Bretlandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Kína og auðvitað Íslandi,“ segir Ásthildur.

Náttúruleg og tímalaus förðun í forgrunni

Hvað er mikilvægast að hafa í huga þegar kemur að brúðarförðun?

„Það er mikilvægt að vera búin að bóka förðunarfræðing tímalega og huga að því að ekki allir förðunarfræðingar hafa reynslu í brúðarförðun.“

Langflestar verðandi brúðir vilja láta sína náttúrulegu fegurð skína en ekki vera of mikið farðaðar eins og ef þær væru að fara á ball. Einnig finnst mér förðunin þurfa að vera tímalaus svo fólk geti skoðað myndaalbúmin og haft myndir á veggjunum sínum um ókomna tíð, án þess að finnast þær vera eitthvað skrítnar eða „too much“. Við vitum að tiskan fer í hringi. Það getur verið mjög gagnlegt að vera búin að skoða myndir og finna innblástur af förðunum til dæmis á Pinterest.“

Mikilvægt að hugsa vel um húðina

Ásthildur leggur mikla áherslu á að verðandi brúðir hugsi sérstaklega vel um húðina og undirbúi því húðina fyrir stóra daginn.

„Það er mikilvægt að hugsa afar vel um húðina nokkrum vikum fyrir brúðkaupið. Ég mæli með að fara í andlitsbad eða einhverja góða húðmeðferð viku eða tveimur vikum fyrir stóra daginn.“


Gerir þú prufuförðun fyrir stóra daginn?

„Ég geri yfirleitt prufuförðun og hárgreiðslu viku fyrir stóra daginn en það er þó ekki nauðsynlegt.“

Fá verðandi brúðir ráðgjöf hjá þér fyrir förðunina?

„Verðandi brúðir senda mér oft myndir af því sem þær vilja fá út úr förðuninni og/eda hárgreiðslunni og biðja um ráðleggingu um það hvað myndi henta þeim.“

Þegar kemur að brúðarförðun þarf hárgreiðslan að fylgja með í undirbúningnum?



Glæsileg greiðsla hjá Ásthildi.



Önnur falleg og einföld greiðsla.

„Fljótlega eftir að ég byrjaði að farða fyrir brúðkaup fann ég mikla þörf fyrir það að brúðir vildu fá hárgreiðslu líka, þá aðallega frá erlendu brúðunum sem gifta sig úti á landi þar sem er ekki hlaupið í að finna hárgreiðslustofur nálægt. Ég fór því að sérhæfa mig í hárgreiðslum og fór á hárgreiðslunámskeið í London sem heitir Master the Art of Long Hair hjá Creative Media Skills sem gagnast mér mikið. Eftir það býð ég upp á hárgreiðslu með brúðarförðun.“

Akstur fyrir brúðhjón

Nánari upplýsingar
Sími 770 6644
taxar@simnet.is

NÝ SENDING AF SPARIKJÓLUM

Stærðir 14-30 eða 42-58

Þú getur skoðað úrvalið og pantað í netverslun
www.curvy.is

Afgreiðslutímar í verslun Curvy við Grensásveg
Alla virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR
5000 KR EÐA MEIRA



Millisiður Sparikjöll
15.990 kr



Síður Galakjöll
18.990 kr



Blúndukjöll
20.990 kr



Túnika
9.990 kr



Kjöll frá Zizzi
12.990 kr

Curvy 

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Brúðhjón heita hvort öðru að standa saman í blíðu og stríðu.

Brúðkaupssiðir víða um heim

thordisg@frettabladid.is

Að bera brúði yfir þröskuld táknað að brúðguminn vilji vernda konu sína og bera yfir alla þröskulda lífsins.

- Hrísgrjónadamba yfir brúðhjón er ósk um frjósamt og farsælt líf.
- Viktoría drottning kom á hefðinni að spila brúðarmars eftir Wagner þegar brúður gengur inn kirkjugólfið, árið 1858.
- Í Grikklandi setja brúðir sykurmola í hanskann sem tákni fyrir sætu í hjónabandinu.
- Í Albaníu er sykri sáldrað yfir brúðhjón, svo að hjónabandið verði sætt sem sykur.
- Í Póllandi er smápeningum dreift yfir brúðhjónin til að færa þeim auðsæld í lífinu.
- Morgungjöf til brúðar er gamall siður, ættaður frá Grikkjum og Rómverjum. Átti morgungjöfin að vera hringur með demanti -- tákni kærleikans.
- Í Mið-Austurlöndum mála verðandi brúðir hendur sínar og fætur með henna-lit til að vernda sig gegn illum öndum.
- Í Tékklandi er baunum kastað yfir nýgift hjón í stað hrísgrjóna.
- Í Afríku er til siðs að binda saman hendur giftra brúðhjónanna með fléttuðu grasi.
- Rauður er litur ástarinnar. Því tíðkast að kinnverskar brúðir gifti sig í rauðum kjól.
- Sænskar brúðir setja silfurpening frá pabba og gullpening frá mömmu sinni í hvorn skóinn til að tryggja góðan fjárhag.
- Á Englandi boðar gott ef kónguló finnst á kjól brúðarinnar.
- Í Egyptalandi er hefð fyrir því að klípa brúðina til að færa henni lukku í hjónabandinu.
- Í Marokkó fara verðandi brúðir í mjólkurbað fyrir athöfnina til að hreinsa sig.
- Í Hollandi og á Bermúda gróðursetja ættingjar furutré í garði nýgiftra sem tákni fyrir frjósemi og heppni í hjónabandinu.
- Í Danmörku skiptast hjón á brúðarfatnaði til að verjast illum öndum. ■

HEIMILD: BRUDURIN.IS

GLÆSILEGAR GJAFIR FYRIR BRÚÐHJÓNIN



★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGUM BY BRINKHAUS



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF RÚMFÖTUM



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM



Verð birt með fyrirvara um innslátavillur og/eda breytingar.

KYNNTU ÞÉR VINSÆLA GJAFABRÉFIÐ OKKAR



**FRÍR
FLUTNINGUR*
UM ALLT LAND**
*NEMA ÚT ÖLUVÖRUR

**KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ
OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM
Á VEFVERSLUN OKKAR**

**VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is**

Svefn & heilsa



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði
og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÖRÐUNGUR LANDS-
MANNA SEFUR Á DÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

Heitasti sumarkokteillinn

Hver vill ekki fá leyniuppskriftina að heitasta sumarkokteilinum ár til að bjóða upp á í fordrykk í sumar- og grillveislunum sem framundan eru? Það er Ivan Svanur Corvasce sem sviptir hulunni af heitasta sumarkokteilinum í ár.

sjofn@frettabladid.is

Ivan Svanur Corvasce, barþjónn með meiru, kennir helstu leynitrixin við kokteiler og er snillingur í því að bera fram ljúffenga kokteila sem hitta í mark. Ivan er líka annar stofnenda Kokteilaskólans og hefur verið iðinn að kenna áhugasömum að búa til ljúffenga kokteila sem töfra gestina upp úr skónum og deila uppskriftum sem enginn stenst.

„Sumarkokteillinn í ár er ljúffeng blanda af rommi, ástaraldini og kryddsírópi. Ég tengi romm alltaf rosalega mikið við sumarið enda undirstaðan í flestum Tiki- og strandarkokteilum,“ segir Ivan sem hefur unun af því að setja saman brögð sem gleða bragðlaukana.

Krydd, romm og ástaraldin

Hvað getur þú sagt um kokteilinn?

„Kokteillinn er Tiki-kokteill sem ég bjó til fyrir nokkrum árum. Hann er einfaldur, sumarlegur og rennur ljúft niður.“

Hvað gerir þennan kokteil mest spennandi hvað varðar bragð og áferð?

„Það sem mér finnst skemmti-



Ivan Svanur með heitasta sumarkokteilinn í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

legast við þennan drykk er samblandan af kryddinu, romminu og ávextinum en ástaraldin passar ótrúlega vel með bökunarkryddum eins og Allspice, vanillu og kanil. Drykkurinn er þéttur en frískandi á sama tíma og svo set ég veglegt myntubúnt og múska á toppinn til að undirstrika ferskleikann og kryddin.“

Pörun með andasalat

Ivan Svanur segir sumarkokteilinn passa einkar vel með léttum mat.

„Ég myndi para kokteilinn með fersku salati með léttu dressingu og ristudum hnetum. Þá er til dæmis hægt að gera andasalat með rifinni önd, appelsínudressingu

og sykrudum pekanhnetum eða vegan salat með grilluðum perum og ristudum valhnetum. Romm, ástaraldin og bökunarkrydd þarast mjög vel með hnetum og fersku salati.“

Hulunni svipt af uppskriftinni
Ertu til í að deila með lesendum uppskriftinni að þessum leyndardómsfulla og heitasta kokteil sumarsins sem eflaust á eftir að trylla gestina?

„Heldur betur,“ svarar Ivan Svanur. „Uppskriftin er einföld en ég kys að gera alla mína kokteila einfalda svo ég nái fram öllum þeim brögðum sem ég sækist eftir.“

Island in the Sun 1 glas

45 ml Plantation 3 Star
15 ml Passion Fruit líkjör
22 ml ferskur limesafi
15 ml Allspice síróp* (sjá uppskrift hér fyrir neðan)
10ml eggjahvíta eða Aquafaba (vegan eggjahvíta)
3 dassar Angostura Bitter
Garnish: Mintubúnt, appelsínusneið, rifin múskaþneta.

Setjið öll hráefni nema mintuna, appelsínusneiðina og múska í hristara og fyllið alveg upp í topp af klökum. Hristið af krafti í um 10 sekúndur og hellið svo drykknum í viskíglas í gegnum fina kokteilasú. Þá sjáið þið hvernig eggjahvítan gefur drykknum meiri fyllingu og



Kokteillinn Island in the Sun er bæði frískandi og kryddaður og þar fyrir utan er hann mjög fallegur í glasi. Sannkallaður sumardrykkur.

léttu froðu á toppinn. Fyllið síðan glasið af klökum, klappið mintuna á milli handanna og setjið hana ásamt appelsínusneiðinni ofan á drykkinn.

Að lokum er múskaþneta rifin yfir drykkinn fyrir auka kryddlykt.

Allspice síróp

250 ml

180 ml vatn

180 g Demerara-sykur

15 g heil Allspice-ber

Byrjið á að rista Allspice-berin á heitri, þurri pönnu þar til allt eldhúsið lyktar eins og kryddið. Passið samt að brenna alls ekki berin en um leið og þið finnið smá brunalykt þarf að byrja upp á nýtt. Þegar berin eru orðin heit og létt ristud setjum við þau í mortél og merjum þau niður. Svo setjum við þau í lítinn pott með 180 ml af vatni og biðum þar til suða kemur upp.

Um leið og komin er suða setjum við sykurinn í pottinn, slökkvum hitann og hrærum þar til allur sykur er bráðinn. Þá er gott að láta sírópið standa í að lágmarki 30 mínútur. Svo sigtum við berin frá og sírópið er klárt og geymist í allt að mánuði í kæli.

Ef fólk vill læra að gera frumlega og flotta kokteila í skemmtilegu umhverfi þá er hægt að skrá sig á námskeið hjá Kokteilaskólanum á Tix.is. Kokteilaskólinn býður upp á þrjú mismunandi námskeið þar sem hver og einn þátttakandi er með sína eigin kokteilstöð með öllum græjum og saman hristum við upp í þrjú mismunandi ljúffenga kokteila, smökkum alls konar sterk vín og fræðumst um kokteila á skemmtilegan og líflegan hátt. ■

Ómótstæðilegt grillað risarækjusalat

Með hækandi sól draga landsmenn fram grillin af fullum krafti og leika listir sínar með hin ýmsu hráefni á grillinu. Hrefna Rósa Sætran er ein af þeim sem eru komin á fullt á grillinu og elskar að prófa nýja hluti, blanda saman bragðtegundum og frumlegu hráefni.

Hrefnu Rósu Sætran þarf vart að kynna en hún er einn af okkar ástsælustu matreiðslumeisturum, sjónvarpskokkur og rithöfundur matreiðslubóka auk þess sem hún á og rekur tvo af vinsælustu veitingastöðum borgarinnar, Fiskmarkaðinn og Grillmarkaðinn, ásamt öðrum.

Í tilefni þess að sólin hefur hækkað á lofti fengum við Hrefnu til að gefa lesendum nokkrar uppskriftir að brakandi nýjum grillréttum sem hún hefur verið að grilla þessa dagana. „Það er svo gaman að grilla alls konar og reyna að vera sem mest úti en ekki í eldhúsinu þegar sólin skín,“ segir Hrefna og ljóstrar hér upp nokkrum einföldum sálkeruuppskriftum sem ættu að höfða til flestra.

Grillað risarækjusalat með lime hunangs-dressingu

800 g risarækjur
1 msk. reykt paprika
1 tsk. cummin
4 stk. hvítlauksrif
4 msk. ólífuolía
Salt og pipar eftir smekk

Þerrið rækjurnar mjög vel áður en þið marinerið þær. Það er algjör lykill þegar grilla á rækjur og annan fisk að hráefnið sé ekki blautt þegar það fer á grillið. Blandið öllu saman í skál og marinerið rækjurnar í að minnsta kosti 30 mínútur og mesta lagi 2 klukkustundir í ísskáp. Grillið þær svo á



Þetta salat litur sannarlega girnilega út.

rjúkandi heitu grilli í 2-3 mínútur á hvorri hlið.

Salatið

2 hausar romain-salat
1 stk. mangó
1 askja litlir tómatar
¼ ananas

Ég grillaði mangóið, tómatana og ananasinn létt á grilli. Penslað smá með olíu og kryddað svo eftir á með salti og pipar. Salatið er bara skorið og skolað.

Lime hunangs-dressing

2 msk. lime safi
Fint rifinn börkurinn af einu lime
1 msk. eplaedik
2 msk. hunang
2 stk. rifinn hvítlaukur
6 msk. ólífuolía

Blandið öllu saman í skál og berið fram og njótið. ■



Hrefna Sætran gefur hér uppskrift að æðislegu salati með grilluðum rækjum, ávöxtum og grænmeti.

MARINE COLLAGEN FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Kollagen er í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannslíkamans og:



info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

- Seinkar öldrun húðarinnar
- Dregur úr sýnilegum hrukkum og fínnum línum í húðinni
- Eykur rakastig og stinnleika húðarinnar
- Lagfæra hárfæðisvæði
- Stuðlar að upptöku kalsíums og kalsíumuppbóta.

Vítamín C:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og aukinni upptöku járns.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Marine Collagen
Varan fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrölt Eru tíð þvaglát að trufla þig?

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í næsta apóteki, heilsuþúðum, Hagkaupum og Nettó.



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verkmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Svartur - hvítur og Dökkgrár. 800.000 undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu



FRÁBÆR SNATTARI - RAFMAGNS!!!

RENAULT ZOE INTENS 40KWH árg. 11/2018 ek. 37þús Sjálfskipting, 2 rafm.kaplar fylgja. sumar og vetrardekk. Verð 2.890þús Uppl. í s. 660 8959

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut

Bátar

MARÁS

TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK
GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalittir
Hljóðlátir

Kraftmiklir Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thevgillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Málarar

REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RUNARMURARI.IS

Tröppuviðgerðir, Húsviðgerðir, Pakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifing fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skiptiholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Ukulele
á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



Gamli glugginn úr,
ný glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðissamvinnufélag
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

AÐALFUNDUR Búmannanna hsf.

Aðalfundur Búmannanna hsf., verður haldinn þriðjudaginn 15. júní 2021 og hefst hann kl. 14.00 í Gullteig á Grand Hótel við Sigtún í Reykjavík.

Í samræmi við 13. gr. samþykktu Búmannanna verður félagsmönnum sem búa í meira 200 km. akstursfjarlægð frá tilgreindum aðalfundarstað gefinn kostur á að mæta og taka þátt í aðalfundinum í gegnum fjarfundarbúnað á fjarfundarstað.

Fjarfundarstaður verður á Hótel Kea, Hafnarstræti 87-89 á Akureyri. Nánar vísast til reglna um raf-ræna þátttöku á félagsfundum Búmannanna sem eru aðgengilegar á vef Búmannanna www.bumenn.is.

Innskráning á fundinn á aðalfundarstað og fjarfundarstað hefst kl. 13.00 og eru félagsmenn hvattir til að mæta tímanlega til skráningar.

Aðalfundurinn er opinn öllum félagsmönnum Búmannanna og hafa þeir málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundinum. Hver félagsmaður má fara með umboð frá einum öðrum félagsmanni.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs er til þriðjudagsins 1. júní 2021. Framboðum skal skila á netfangið gunnarkr@bumenn.is.

Dagskrá aðalfundar Búmannanna er í samræmi við samþykktir félagsins sem hér segir:

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárin 2019 og 2020 og umræður um hana.
3. Framlagning ársreikninga fyrir starfsárin 2019 og 2020, umræða og afgreiðsla.
4. Ákvörðun um hvernig ráðstafa skuli rekstrarafgangi eða bregðast við ef tap verður á rekstri félagsins.
5. Kynning á ákvörðun stjórnar um fjárhæð félagsgjalda, inntökugjalda, þjónustugjalda og annarra gjalda sem ákveðin er af stjórn félagsins samkvæmt samþykktum þess.
6. Ákvörðun gjalds í viðhaldssjóð félagsins.
7. Ákvörðun um framlag til varasjóðs félagsins.
8. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.
9. Kosning formanns til eins árs.
10. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára.
11. Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs.
12. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
13. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs og tveggja skoðunarmanna og eins til vara, alla til eins árs.
14. Kosning þriggja manna kjörnefndar.
15. Kynning á úttekt á fjárhag, skuldbindingum og starfsemi Búmannanna hsf. sbr. 1. mgr. 6.gr.a. í lögum um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003 með síðari breytingum.
16. Önnur mál.

Stjórn Búmannanna hsf.

Skrifstofuhúsnæði Óskast

Traust fyrirtæki óskar eftir
að taka **skrifstofuhúsnæði á leigu**
æskileg stærð 800 - 1000 fm

- Staðsetning, höfuðborgarsvæðið
- Afhendingartími, haust 2021
- Ástand, fullinnréttað

Nánari upplýsingar veitir:

Þróstur Þórhallsson

lögg. fasteignasali

sími: 897 0634

throstur@miklaborg.is



MIKLABORG

569 7000 | miklaborg.is


Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA




WRIGLEY'S
Extra[®]

FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrnis í tyggigúmmii

Veðurspá Föstudagur



Víða léttskýjað í dag, en skýjað með köflum og stöku skúrir eða él um landið A-vert. Hiti 1 til 10 stig yfir daginn, mildast suðvestan til, en allvíða næturfrost. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 glettni
- 5 geil
- 6 óttist
- 8 kvísl
- 10 tónn
- 11 blekking
- 12 virki
- 13 álit
- 15 geymir
- 17 tómhent

LÓÐRÉTT

- 1 rannsaka
- 2 vegsama
- 3 stafur
- 4 tímabil
- 7 ódæði
- 9 dugnaður
- 12 neitun
- 14 umstang
- 16 tveir eins

1	2	3	4		
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 glens, 5 orf, 6 ói, 8 affall, 10 fa, 11 tál, 12 borg, 13 svar, 15 tankur, 17 snauð. LÓÐRÉTT: 1 grafast, 2 lofa, 3 efi, 4 sólar, 7 illgerð, 9 atorka, 12 barn, 14 vas, 16 uu.

Arnar Gunnarsson (SSON) átti leik gegn Páli Sigurðssyni (Taflfélagi Garðabæjar) á Íslandsmóti skákkfélaga.

18. Rcd5! exd5 19. cxd5 Db6 20. dxc6 bxc6 21. Bd4 c5? (Tapar strax. 21...Db7 er betra en hvítur hefur yfirburðatafl eftir 22. Dc3). 22. Bxf6 1-0. Minningarmót um Gylfa Þórhallsson fer fram um helgina á Akureyri. Margir af sterkustu skákmönnum landsins taka þátt.

www.skak.is: Minningarmót um Gylfa.

Sudoku

2			7	3		6	
		5	4		2	8	3
		4	6				
6			9		8		
				3		6	5
3		9		4			2
	7				4		
		6			5		7
2	3		9				

3		6	1				
9			2		7		
		2	9		5	7	
4		8					1
			5		6		9
1							4
2	8		7	1			6
		7					5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frade Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- Kolviðarhólslína 1
- Móttaka úrgangsolíu í Örfirisey, Reykjavík

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 22. júní 2021.

www.fastradningar.is

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Styrktist í sorginni

María Heba Þorkelsdóttir fer með hlutverk móður sem missir barnið sitt í Systraböndum en þeirri reynslu deilir hún með karakter sínum. Hún missti barn í móðurkviði árið 2006. María Heba segir reynsluna hafa kennt sér margt og styrkt samband sitt við eiginmanninn.



Ég villist alltaf af leið

Teikningar **Lóu Hjálmtýsdóttur** hafa sannarlega notið vinsælda en árið 2020 setti hún sér markmið um að teikna eina teikningu hvern dag. Það var áður en hún vissi að það yrði árið sem flest annað yrði bannað eða að um hlaupár væri að ræða, svo teikningarnar urðu á endanum 366 talsins og eru nú orðnar að bók.



Rannsakar reynslu gerenda

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, doktorsnemi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, vinnur nú að doktorsverkefni þar sem hún rannsakar upplifun feðra sem beitt hafa ofbeldi í nánum samböndum.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

Walls 2 Paint

Milliveggir fyrir heimili

Skrúfa, líma og mála.
Engin grunnun.
Ekkert spartl!

Stærð plötu:
600 x 2600 x 12mm
600 x 3000 x 12mm



BYGGINGAVÖRUVERSLUN
P. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 108 Rvk 512-3360 korkur.is

Leikstýrir söngleik sem er kærleiksbomba



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb @frettabladid.is

Unnur Ösp Stefánsdóttir mun leikstýra glænýjum sænskum söngleik, Sem á himni, sem frumsýndur verður í Þjóðleikhúsinu á næsta leikári. Sem á himni hefur slegið í gegn í Skandinavíu og er að hefja sigurför um heiminn.

Söngleikurinn er byggður á verðlaunamynd sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna. Höfundar eru Fredrik Kempe og Carin og Kay Pollak.

„Þetta verk er algjör kærleiksbomba. Eftir þessa undarlegu tíma sem við erum öll búin að lifa þá held ég að aðgangur að hjarta okkar sé mjög greiður og þessi saga snertir við fólki,“ segir Unnur Ösp. „Þetta er mannleg og falleg saga um það að fagna lífinu og reyna að bæta heiminn í kringum okkur. Óður til lífsins og listarinnar. Tónlistin er falleg, grípandi og áhrifarík.“

Spennandi verkefni

Verkið gerist í litlu samfélagi á landsbyggðinni þar sem allir þekkja alla, og hver hefur innsýn í annars gleði og sorgir. Þegar heimsfrægur hljómsveitarstjóri, á hátindi ferils síns, sest óvænt að í þorpinu til að draga sig út úr skarkala heimsins þykir ýmsum tilvalið að fá hann til að stýra kirkjukórnum. Þessi maður á sér sársaukaþrungin leyndarmál, en þegar tónlistin fer að óma af nýjum og áður óþekktum krafti í litla samfélaginu byrjar að losna um margt og lífið tekur óvænta stefnu.

„Mér finnst mjög spennandi að setja upp nýjan söngleik,“ segir Unnur Ösp sem á sínum tíma leikstýrði Mamma Mia! í Borgarleikhúsinu. „Ég er ekki þannig að ég þefi söngleiki uppi en þegar þeir ná mér þá er ég sannarlega veik fyrir þeim. Ég man til dæmis eftir mér tíu ára tárbotri að hlusta á Vesalingana. Tónlist getur hreyft svo mikið við fólki. Hún opnar hjörtu okkar og þessi söngleikur fjallar sannarlega um það. Það er óskaplega gaman fyrir mig sem leikhúsmanneskju og leikstjóra að fást við verk eins og þetta.“

Dásamlegt að koma saman

Æfingar á verkinu hefjast í haust og frumsýning verður í apríl á næsta ári. Þórarinn Eldjárn þýðir en sýningin mun skarta tuttugu og fimm leikurum og söngvurum á sviði og tólf manna hljómsveit í gryfju. „Það verður dásamlegt



Unnur Ösp mun leikstýra nýjum sænskum söngleik, Sem á himni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFAN

að koma saman í haust og næsta vetur og vonandi upplifa menningu og menningarviðburði aftur eins og við erum vön, í fullum sal af fólki og í ríkri samveru. Þá er við hæfi að setja í efsta stig og sýna söngleik sem fjallar einmitt um það að fá að vera til og vera í hóp með fólki, eins og til dæmis að vera í kór. Sjálf stofnaði ég kór ásamt vinkonum mínum og vinum fyrir nokkrum árum, þannig að þessi saga talar alveg sérstaklega til mín.“

Þótt nokkuð sé í að æfingar hefjist er Unnur Ösp strax upptekin af söngleiknum. „Ég vinn yfirleitt ekki öðruvísi en að fá hlutina á heilann. Þetta er svo stór sýning að ég hef þurft að huga að því að velja í hlutverkin, fylgjast með leikmyndavinnunni og annarri undirbúningsvinnu, alveg frá því

þetta verkefni var fyrst nefnt við mig fyrir nokkrum mánuðum.“

Unnur Ösp leikstýrir hinni geysivinsælu sýningu Vertu úlfur í Þjóðleikhúsinu en fimmtugasta sýningin var á dögum og sýningar verða áfram í haust. „Þessar gríðarlega góðu viðtökur komu okkur aðstandendum sýningarinnar á óvart. Þegar maður er á kafi í verkefni sem manni finnst eiga mikið erindi þá getur svona galdur gerst. Við erum ekki að reyna að þóknast neinum með þessari sýningu, erum bara innblásin og brennum fyrir því að fólk fái að heyra þessa sögu. Þetta var ótrúlega gefandi vinna en það var líka tilfinningalega átakamikið fyrir okkur öll að kafa ofan í sársaukann í sögu Héðins. Við erum þakklát fyrir þessar frábæru viðtökur og afar auðmjúk.“ ■



Þetta er mannleg og falleg saga um það að fagna lífinu og reyna að bæta heiminn í kringum okkur.

Asha

Hlý og fágúð hönnun Asha rúmana koma í einstaklega fallegum kopar, stáli eða úr sterkum beikikrossvið. Asha býður upp á háa og lága útfærslu í mismunandi litum. Kíktu við í Vest, Ármúla 17 og skoðuðu sýnishornin.

VEST

xam

Ármúli 17 620 7200 Fáanlegur í margvíslegum útfærslum



Sinfóníuhljómsveit unga fólksins verður í Langholtskirkju.

Pulcinella í Langholtskirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leikur Pulcinella eftir Igor Stravinský í Langholtskirkju laugardaginn 22. maí kl. 16.00. Hljómsveitin leikur einnig sífönu nr. 5 eftir Franz Schubert og tvö verk fyrir flautu og hljómsveit eftir Franz Doppler og Charles Griffes. Einleikari er Kristín Ýr Jónsdóttir flautuleikari. Stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson. ■

Hér og þar Óla G. í Hofi

kolbrunb@frettabladid.is

Sumarsýning Menningarhússins Hofi, Hér og þar, verður opnuð föstudaginn 21. maí. Tílefni sýningarinnar er afmælisdagur listmálarans Óla G. Jóhannssonar en hann hefði orðið 75 ára þann 13. desember síðastliðinn.

Frá 1993 helgaði Óli sig alfarið myndlistinni og vöktu verk hans athygli víða um heim. Hann hélt fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis. Árið 1997 stofnaði hann, ásamt Lilju eiginkonu sinni Listhúsið Festarklett og þar héldu þau ótal sýningar. Á sama tíma sýndi Óli á vegum Opera Gallery í Singapúr, Monte Carlo, London og New York. Síðasta sýning Óla var í Listasafni Reykjanesbæjar en hún var opnuð 15. janúar 2011 en hann lést fimm dögum síðar.

Sýningin í Hofi stendur til 25. ágúst. ■



Verk eftir listmálarann Óla G. Jóhannsson eru sýnd í Hofi á Akureyri.



Frá 1993 helgaði Óli sig alfarið myndlistinni og vöktu verk hans athygli víða um heim.

Stopull gleðskapur

LEIKLIST

Veisla



Borgarleikhúsið

Yfirumsjón með handriti: Saga Garðarsdóttir

Höfundar: Saga Garðarsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Halldór Gylfason

Leikstjórn: Bergur Þór Ingólfsson

Leikarar: Björn Stefánsson, Davíð Berndsen, Halldór Gylfason, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Saga Garðarsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson

Danshöfundur: Unnur Elísabet Gunnarsdóttir

Leikmynd og búningar: Eva Signý Berger

Tónlist: Davíð Berndsen

Lýsing: Ingi Bekk

Útsetning og hljóðblöndun: Þórður Gunnar Þorvaldsson

Leikgervi: Guðbjörg Ívarsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

Vorgleðigjafinn er orðinn árlegur viðburður í leikhúsum landsins. Yfirleitt eru þetta söngleikir af stærri gerðinni þar sem öllu er tjaldað til og berast á seinni árum oftast en ekki yfir á næsta leikár. Níu líf átti að sinna þessu hlutverki síðastliðið vor en hefur verið frestað fram á haust og þess í stað bryddar Borgarleikhúsið upp á annars konar gleðigjafa.

Veislur og hvers kyns gleðskapur eru hluti af formgerð allra samfélaga; skírn, ættarmót, brúðkaup, vinnustaðadjamm, útilegur og svo mætti lengi telja. Íslendingar hafa auðvitað sínar eigin útfærslur sem eru allsérstakar og flestir kannast við. Flókið og fyndið persónugalleri mætir á slíka viðburði og veitingarnar eru kapituli út af fyrir sig; forna frænkan í brúðkaupinu fer með óviðeigandi gamanmál úr sveitinni, fermingarbarnið sem nauðbeygt verður að bjóða gestunum að ráðast á hlaðborðið, heitu brauðréttirnir sem þjóðin elskar og makamál af öllu tagi svo eitthvað sé nefnt... Möguleikarnir eru nánast óteljandi enda eru gleðisamkomur órjúfanlegur hluti af samfélaginu eins og áður sagði.

Prins Póló stendur upp úr

Saga Garðarsdóttir hefur yfirumsjón með handritinu en allur leikhópurinn leggur sitt af mörkum. Niðurstaðan er knippi af atriðum sem hanga lauslega saman í eins konar skemmtidagskrá, sumir karakterar birtast þó oftast en einu sinni. Þrátt fyrir fína grunnhug-



Eftir langan vetur er hópupplifun á skemmtisýningu í leikhúsi kærkomin, segir gagnrýnandi.

MYND/GRIMUR BJARNASON



Hópatríðin, þá kannski sérstaklega kórpartíið, vekja kátínu en sundurleitni einkennir sýninguna í heild sinni.

mynd og nokkur bráðfyndin atriði skortir að taka handritið skrefinu lengra, þéttari umgjörð og skýrari farveg til að ná utan um umfjöllunarefnið. Sum atriði hefði mátt stytta og önnur endurhugsa. Tónlistin er af dýrari gerðinni og gerir mikið fyrir sýninguna en tónlistarmennirnir Snorri Helgason, Prins Póló og Berndsen, sem einnig tekur þátt í sýningunni, eiga allir lög. Lag Prins Póló um heita brauðréttinn stendur algjörlega upp úr og reyndar er atriðið allt virkilega vel heppnað. Þess væri óskandi að sú orka hefði verið einkennandi fyrir sýninguna í heild sinni, en hún finnst frekar í einstaka atriðum, þökk sé frammistöðu leikaranna.

Af leikurunum verður fyrst að nefna Sigurð Þór Óskarsson sem fer á kostum í söngatriðinu Makalaust og litar hvern karakter með mismunandi persónueinkennum; makann í kórpartíinu, fermingarbarnið í mútum og manninn í gítarpartíinu sem kann bara lög sem enginn annar kann. Sigrún Edda Björnsdóttir sýnir enn og aftur hversu mikla hæfileika hún hefur, hvort sem er í drama- eða gaman-

leik. Snobbfrúin stendur þar upp úr og sveitafrænkan sem heldur alltaf vandræðalegar ræður. Þó verður að nefna þau örlög hennar að vera stöðugt sett í hlutverki fjörgömlu kvennanna, eðli sýningarinnar er slíkt að allar þrjár leikkonurnar gætu tekið þann slag enda hæfileikakonur.

Saga Garðarsdóttir á sitt besta atriði í hlutverki leiðindaseggsins sem hægt er að ráða í partí og hún mundar panpípurarnar af miklum móð í smellini senu. Katla Margrét blómstrar í hlutverki fúleggsins sem er alltaf tilbúið að skutla fólki heim af djammínu gegn þeirri greiðslu að þeir sem þyki sopinn góður finni til stöðugrar sektarkenndar, snobhænan kemur líka sterk inn. Orkuboltinn Halldór Gylfason gefur sig allan í sínum hlutverkum og nær að sýna með einu sænsku svipbrigði hversu mikið er hægt að gera úr litlu hlutverki. Í þessum ágæta hópi týnist Björn Stefánsson svolítið. Hann á eitt stórt söngnúmer um djammvísukubitið fræga en lagið er það veikasta í hópnum.

Stóra sviðið hentar ekki þessari tilteknu veislu. Til að láta hana

springa út þarf stærri hljómsveit þar sem allt er sett í fimmta gir. Bergur Þór Ingólfsson veislustýrir herlegheitunum ágætlega en nær ekki að viðhalda fjörinu eða tempóinu. Leikmynda- og búningahönnuðurinn Eva Signý Berger og danshöfundurinn Unnur Elísabet Gunnarsdóttir leggja sitt af mörkum. Snúningssviðið er mikið notað til að skipta á milli atriða en það tekur stundum of langan tíma. Hópatríðin, þá kannski sérstaklega kórpartíið, vekja kátínu en sundurleitni einkennir sýninguna í heild sinni.

Eftir langan vetur er hópupplifun á skemmtisýningu í leikhúsi kærkomin. Hvers kyns gleðskapur hefur ítrekað verið frestað síðastliðið ár og áhorfendur þyrstir í afþreyingarefni. En á endanum er Veisla eins og svo margar aðrar veislur. Hún lofar góðu og byrjar vel en verður að lokum kaótísk og skilur fremur lítið eftir sig, nema nokkra góða brandara. ■

NIÐURSTAÐA: Ekki er ólíklegt að sýningin veki lukku hjá veisluþyrstum en gleðin er langt frá því að vera gallalaus.

Framhaldsskólar vilja ólmir fá rithöfunda í heimsókn

kolbrunb@frettabladid.is

Miðstöð íslenskra bókmennta hleypti vorið 2020 af stokkunum verkefni sem ber heitið Höfundaheimsóknir í framhaldsskóla. Markmið verkefnisins er að hvetja nemendur til lestrar og auka skilning þeirra og áhuga á bókmenntum og starfi rithöfunda.

Kennurum gefst kostur á að panta heimsókn frá rithöfundi sem fyrirhugað er að lesa verk eftir þá önnina. Verkefnið gaf strax góða raun og það er því fagnaðarefni að Miðstöð íslenskra bókmennta geti boðið upp á höfundaheimsóknirnar aftur í ár – en áætlaðar eru 70 heimsóknir í 14 framhaldsskóla um land allt á þessu ári.

Meðal höfunda sem tekið hafa þátt í verkefninu eru: Andri Snær



Kennurum gefst kostur á að panta heimsókn frá rithöfundi sem fyrirhugað er að lesa verk eftir þá önnina.

Magnason, Auður Ava Ólafsdóttir, Bjarni Fritzson, Dóri DNA, Einar Kárason, Eva Björg Ægisdóttir, Friða Ísberg, Gerður Kristný, Guðrún Eva Mínervudóttir, Hildur Knútsdóttir, Jón Gnarr, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Ragnar Ingi Adalsteinsson, Ragnhildur Hólmgeirsdóttir, Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Þóra Hjörleifsdóttir. ■



Sigríður Hagalín er meðal þeirra höfunda sem heimsótt hafa skóla landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Skiltagerð og merkingar

Inni og úti merkingar, spjöld og skilti. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðuðu þjónustuna sem er í boði.



www.xprent.is

Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | xprent@xprent.is

DAGSKRÁ

21. maí 2021 FÖSTUDAGUR

Föstudagur

Hringbraut

- 18.00 **Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta.
- 18.30 **Fréttavaktin úrval** Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.
- 19.00 **Kaupmaðurinn á horninu (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
- 19.30 **433.is (e)** 433.is er fréttta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 20.00 **Bærinn minn (e)** Bærinn minn segir frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.
- 20.30 **Fréttavaktin úrval** Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.
- 21.00 **Kaupmaðurinn á horninu (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
- 21.30 **433.is (e)**

RÚV Sjónvarp

- 11.00 **Heimaleikfimi**
- 11.10 **Price og Blomsterberg**
- 11.35 **Gönguleiðir**
- 11.55 **Okkar á milli** Sigríður Torfadóttir Tulinius.
- 12.20 **Í garðinum með Gurrý**
- 12.50 **Nýjasta tækni og vísindi**
- 13.15 **Landinn**
- 13.45 **Eurovision 2021** Seinni undankeppni.
- 15.55 **EM í sundi** Bein útsending frá EM sundi í Ungverjalandi.
- 17.50 **Tákn málsfréttir**
- 18.00 **KrakkaRÚV**
- 18.01 **Órgadýr**
- 18.28 **Sögur - stuttmyndir**
- 18.35 **Húllumhæ**
- 18.50 **Landakort** Fræðst um sjávarútveginn í vinnuskólunum.
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.40 **Rotterdam kallar** Björg Magnúsdóttir og Gísli Marteinsson fylgja Daða Frey og Gagnamagninu eftir í Rotterdam. Fjallað verður á snarpan og líflegan hátt um það sem er efst á baugi í undirbúningnum fyrir Eurovision, fylgst með stífum æfingum og rætt við áhugaverða keppendur frá hinum löndunum.
- 20.10 **Eurovision Song Contest. The Story of Fire Saga** Eurovision. Frá Skjálfanda til Skotlands Eurovision-myndin um hina stórefnilegu íslensku söngvara Lars Ericksson og Sigrít Ericksdóttir frá Húsavík sem fá stærsta tækifæri lífs síns þegar þau eru valin til að vera fulltrúar þjóðar sinnar í stærstu söngvakeppni í heimi, Eurovision. Aðalhlutverk: Will Ferrell og Rachel McAdams. Leikstjóri: David Dobkin.
- 22.10 **Vera**
- 23.40 **Haltu mér, slepptu mér** Cold Feet
- 00.25 **Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 09.25 **LPGA Tour** Útsending frá Pure Silk Championship.
- 12.25 **European Tour** Útsending frá Tenerife Open.
- 17.00 **PGA Championship** Bein útsending frá PGA Championship.
- 23.05 **2021 PLAYERS Official Film**

Sjónvarp Símans

- 06.00 **Síminn + Spotify**
- 12.30 **Dr. Phil**
- 13.15 **The Late Late Show**
- 14.00 **The Block**
- 15.05 **The Biggest Loser**
- 15.50 **90210**
- 16.50 **The King of Queens**
- 17.10 **Everybody Loves Raymond**
- 17.35 **Dr. Phil**
- 18.20 **The Late Late Show**
- 19.05 **The Block**
- 20.10 **She's Funny That Way**
- 21.45 **Fathers and Daughters**
- 23.40 **The Expendables 2**
- 01.20 **Serena**
- 03.10 **The Walking Dead**
- 03.55 **Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 **Morgunvaktin**
- 07.00 **Fréttir**
- 07.30 **Fréttayfirlit**
- 08.00 **Morgunfréttir**
- 08.30 **Fréttayfirlit**
- 09.00 **Fréttir**
- 09.05 **Í ljósi sögunnar**
- 09.45 **Morgunleikfimi**
- 10.00 **Fréttir**
- 10.03 **Veðurfregnir**
- 10.13 **Óskastundin**
- 11.00 **Fréttir**
- 11.03 **Mannlegi þátturinn**
- 12.00 **Fréttir**
- 12.03 **Hádegisd** Fyrri og seinni hluti.
- 12.20 **Hádegisfréttir**
- 12.42 **Hádegisd**
- 13.00 **Dánarfregnir**
- 13.02 **Samfélagið**
- 14.00 **Fréttir**
- 14.03 **Málið er** Gámagrams á Íslandi.
- 15.00 **Fréttir**
- 15.03 **Sögur af landi**
- 16.00 **Síðdegisfréttir**
- 16.05 **Vinill vikunnar**
- 17.00 **Fréttir**
- 17.03 **Lestarklefinn**
- 18.00 **Spegillinn**
- 18.30 **Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.50 **Veðurfregnir**
- 18.53 **Dánarfregnir**
- 19.00 **Flugur** Íslensk tónlist frá upphafi áttunda áratugarins.
- 19.45 **Lofthelgin**
- 20.35 **Mannlegi þátturinn**
- 21.30 **Kvöldsgagan. Njáls saga** (8 af 29)
- 22.00 **Fréttir**
- 22.05 **Veðurfregnir**
- 22.10 **Samfélagið**
- 23.05 **Lestarklefinn**
- 00.00 **Fréttir**
- 00.05 **Næturútlit Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 12.25 **Scooby-Doo! and the Curse of the 13th Ghost**
- 13.45 **Poms**
- 15.10 **August Creek**
- 16.40 **Scooby-Doo! and the Curse of the 13th Ghost** Stórskemmtileg mynd um Scooby-Doo og félagan en að vanda lenda þau í alls kyns ævintýrum.
- 18.00 **Poms**
- 19.30 **August Creek**
- 21.00 **Richard Jewell** Sannsöguleg mynd frá 2019 í leikstjórn Clint Eastwood. Bandaríski öryggisvörðurinn Richard Jewell drýgir mikla hetjudáð þegar hann bjargar þúsundum mannlífa frá sprengjutilræði á Sumarólympíuleikunum í Atlanta í Bandaríkjunum árið 1996.
- 23.05 **Downhill**
- 00.30 **Happy Death Day 2U**
- 02.10 **Richard Jewell**

Stöð 2

- 08.00 **Heimsókn**
- 08.15 **Grey's Anatomy**
- 09.05 **Bold and the Beautiful**
- 09.25 **The O.C.**
- 10.05 **Shark Tank**
- 10.50 **Hvar er best að búa ?**
- 11.25 **Golfarinn**
- 11.55 **Friends**
- 12.35 **Nágrannar**
- 12.55 **The Office**
- 13.15 **Between Us**
- 13.55 **Landhelgisgæslan** Vandaðir heimildarþættir í umsjón Ásgeirs Erlendssonar og Jóhanns K. Jóhannssonar sem fá einstakan aðgang að Landhelgisgæslunni og fá að fylgjast með störfum hennar á Íslandi og erlendis.
- 14.20 **Ég og 70 mínútur**
- 14.50 **Í eldhúsinu** hennar Evu
- 15.00 **Jamie's Quick and Easy Food**
- 15.30 **Grand Designs. Australia**
- 16.20 **The Goldbergs**
- 16.40 **Modern Family**
- 17.00 **Race Across the World**
- 17.35 **Bold and the Beautiful**
- 18.00 **Nágrannar**
- 18.26 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 **Sportpakinn**
- 18.55 **Britain's Got Talent**
- 19.45 **Í kvöld er gíg**
- 20.35 **Forgetting Sarah Marshall**
- 22.25 **The Command** Spennu-mynd frá 2018 sem byggð er á sönnunum atburðum. Þann 12. ágúst árið 2000 varð gríðarleg sprenging í rússneska kjarnorkukafbátinum Kursk þar sem hann tók þátt í flotaæfingu Rússa á Barentshafi með þeim afleiðingum að hann sökk til botns á rúnum tveimur mínútum. Það sem gerðist næst varð að einhverju mesta hneyksli hernaðarsögunnar.
- 00.20 **I Still See You**
- 01.55 **Grey's Anatomy**
- 02.35 **The O.C.**
- 03.20 **Shark Tank**

Stöð 2 Sport

- 09.10 **Pepsi Max Mörkin**
- 10.05 **Fjölnir - Valur** Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
- 11.45 **Keflavík - Haukar**
- 13.25 **Tindastóll - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
- 15.05 **Víkingur R. - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
- 16.45 **KR - Valur**
- 18.30 **Pepsi Max Upphitun**
- 19.05 **Breiðablik - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
- 21.15 **Pepsi Max Stúkan**
- 22.45 **Pepsi Max Mörkin**

Stöð 2 Sport 2

- 08.00 **Fréttabáttur EM**
- 08.25 **Fréttabáttur Meistaradeildarinnar**
- 08.50 **Athletic Bilbao - Real Madrid**
- 12.10 **Ítölsku mörkin**
- 13.00 **Bournemouth - Brentford**
- 14.40 **Barnsley - Swansea**
- 16.20 **Hellas Verona - Bologna**
- 18.00 **Fréttabáttur Evrópu deildarinnar**
- 18.30 **La Liga Show**
- 19.00 **Pure Silk Championship** Bein útsending frá Pure Silk Championship á LPGA-mótaröðinni.
- 22.20 **Inside Serie A**

Manic Panic
hárlitirnirfast
hjá okkur
sendum um allt land

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði

Komið og skoðið úrvalið

NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

FRÉTTABLAÐIÐ 20. ÁRÁ

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

44% 68%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*
55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

ILVA

TAX FREE

AF ALLRI SMÁVÖRU*

20. - 24. MAÍ



*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.
Gildir á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 - www.ilva.is
laugardag 12-18, Hvítasunnudag 23. maí Lokað, Annar í hvítasunnu 12-18,
Þriðjudag - föstudag 11-18:30

 netgíró
VALITOR

[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

Valdi nýstárlega leið til að sýna sundfatalínu



Steingerður
Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

Fatahönnuðurinn Helga Lilja Magnúsdóttir fer nýstárlegar leiðir til að kynna fatamerki sitt Bið að heilsa niðri Slipp. Helga stóð fyrir árlegum koddaslag við bryggjuna en í ár sýnir hún nýjustu sundfatalínuna með samhæfum sunddansi í Vesturbæjarlaug.

Nú hefur síðbúinn HönnunarMars staðið yfir í vikunni og lýkur á sunnudaginn. Fjöldinn allur af hönnuðum hefur sýnt á hátiðinni, enda nokkurs konar uppskeruhátíð þeirra. Helga Lilja Magnúsdóttir ákvað að fara mjög nýstárlega leið til að sýna fatamerkið sitt, Bið að heilsa niðri Slipp, og það ekki í fyrsta sinn. Árið 2017 endurvakti hún koddaslaginn á plankanum í Reykjavíkurbær en hann hafði legið niðri í 15 til 20 ár.

„Þá vantaði mig leið til að sýna sundföt fatamerkisins míns á skemmtilegan hátt og þá kom sú hugmynd upp. En nú hefur koddaslagurinn legið niðri vegna Covid og ég að koma með glænýja sundboli og þá voru góð ráð dýr. Ég er með sundskýlurnar mínar í sölu í Vesturbæjarlauginni og bauðst að hafa uppákomu í lauginni en datt ekkert í hug. Svo kom hún Rebekka Jónsdóttir, búningahönnuður og ein mín besta vinkona, með þessa hugmynd og ég stökk á hana, enda frábær hugmynd.“

Ólíkt ferli

Einn fremsti danshöfundur landsins, Inga Maren Rúnarsdóttir, er höfundur verksins.

„Við Inga höfum þekkt í fjölda ára. Ég dansaði sjálf ballett í 16 ár og leit alltaf upp til hennar enda er hún þrusu dansari. Gott ef við höfum ekki verið saman í MH líka? Gæti verið bull en ég held það. Þegar hugmyndin dúkkaði upp með sunddansinn, þá var hún fyrst að koma mér í hug. Svo kom það svo skemmtilega á óvart því þessi hugmynd hafði verið að fæðast í hennar huga á sama tíma, það að semja dans í vatni, það er að segja. Mjög áhugavert, hún var því mjög svo til í að vinna með mér í þessu verkefni,“ útskýrir Helga Lilja.

Helga segir að ferlið að semja dans sem fer fram í vatni sé mjög ólíkt því að semja dans á sviði.

„Inga þurfti að mæta nokkrum sinnum í Vesturbæjarlaug til að semja ferðalagið en varð alltaf svo afvegaleidd af lífinu í lauginni að hún þurfti að teikna upp laugina í skissubókina sína til að geta samið



Inga Maren og Helga Lilja hafa fylgst með æfingum af bakkanum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dansarar verksins eru þau Aðalheiður Halldórsdóttir, Ásgeir Helgi Magnússon, Emillía Benedikta Gísladóttir og Halla Þórðardóttir.



dansinn. Ég mætti á æfingu í Borgarleikhúsið og það var svo gaman að sjá dansinn fyrst á þurru landi og svo vera með á æfingunum í lauginni því sporin breytast heilmikið þegar þau eru stigin í vatni. Þetta er bara allt önnur Ella,“ segir hún og hlær.

Kalt á bakkanum

Hún segir vel hafa gengið að þróa hugmyndina.

„Við erum með úrvalslíð dansara í höndunum, svo að það eitt að horfa á þau labba er unadur. Framleiðslan mín úti í Eistlandi er líka alveg með puttann á púlslinum og þau skilja mig algerlega nú orðið. Sundbolirnir eru því nákvæmlega eins og ég vildi hafa þá. Það er rosalega gaman að gera nýjan sundbol eftir öll þessi ár.“

Helga, dansararnir og Inga Maren hafa hist nokkrum sinnum í Vesturbæjarlauginni að morgni til undanfarna viku.

„Æfingarnar hafa gengið vonum framfar að mínu mati. Fólk í lauginni virðist líka hafa mjög gaman af því að horfa á dansinn verða til. Það hefur verið frekar kalt hins vegar að hanga á bakkanum og greyð krakarnir hafa þurft að hlaupa í heitasta pottinn oftar en einu sinni, meðan var verið að fíniseru sporin milli lauga,“ segir Helga Lilja.

Það má því búast við að sjá eitthvað sem ekki hefur verið gert á Íslandi áður í Vesturbæjarlauginni í dag.

„Þetta er líka ferðalag í gegnum arkitektúr Vesturbæjarlaugarinnar í nýjustu sundfötunum í bransanum. Það er bæði hægt að njóta dansins horfandi af bakkanum og ofan í lauginni. Fyrstu gestir sýningarinnar fá svo veglegan gjafapoka frá Sóley Organics og BAHNS.“

Meira um samstarf

HönnunarMars er mjög hvetjandi fyrir íslensku hönnunarsenuna, að sögn Helgu Lilju.

„Bæði er hvetjandi fyrir hönnuði að setja upp sýningar og fyrir fólk að mæta því við vitum alveg að oft er meira spennandi að setja upp heilan dag af upplifunum en að fara niður í bæ til að skoða eina sýningu í senn. Ég hef líka tekið eftir því, þar sem hátiðin er nú sett upp í þrettánda sinn, að á meðan hönnunarsenar verður alltaf meira og meira spennandi er líka meira um samstarf og samvinnu á hátiðinni með hverju árinu og það þykir mér alveg frábært. Þegar tveir eða fleiri úr ólíkum áttum taka sig saman þá kemur eitthvað svo geggjað og spennandi út úr því.“

Upplifir þú þetta jafnvel eins og nokkurs konar uppskeruhátíð hönnuða?

„Jú, það má segja það. Þetta er okkar Airwaves. Það er dásamlegt að mæta á opnanir og hitta alla í bransanum. Sérstaklega núna eftir allan þennan tíma! Þessi sérstaki HönnunarMars sem er núna er virkileg „gourmet“ hátíð í alla staði,“ svarar Helga Lilja.

Er eitthvað sem þú ert sérstaklega spennt að sjá?

„Já, ég er mjög spennt að sjá, eða í raun finna, Útilykt eftir Fischer og 66°Norður, Eldblóm – ræktaðu flugelda sem hún Sigga Soffía er með á Hafnartorgi og Umskipti hennar Hönnu Dísar Whitehead í Norræna húsinu.“

Faraldurinn opnaði dyr

Líkt og kom fram hefur Helga Lilja haldið árlegan koddaslag við bryggjuna á sjómannaðaginn.

„Ég myndi svo sannarlega halda slag í ár ef Hátið hafsin myndi eiga sér stað í ár en því miður verður hún ekki haldin. Ég var orðin virkilega spennt að halda slaginn þar sem ég opnaði búðina Kiosk Grandi með fjórum öðrum hönnuðum í ágúst í fyrra. Það er að sjálfsögðu í frásögur færandi en sérstaklega í þessu



Ég mætti á æfingu í Borgarleikhúsið og það var svo gaman að sjá dansinn fyrst á þurru landi og svo vera með á æfingunum í lauginni því sporin breytast heilmikið þegar þau eru stigin í vatni.

samhengi þar sem búðin er staðsett beint á móti bryggjunni þar sem koddaslagurinn er haldinn. Þegar slagurinn verður haldinn næst geta slagsmálahundarnir mínir hlaupið beint úr búðinni út á bryggju og svo getur verið partí í búðinni að slag loknum. Gæti ekki á neinn hátt verið betra,“ segir hún og brosir.

Helga Lilja segir að ástandið í þjóðfélaginu síðasta árið hafi ekki dregið úr sköpunarkraftinum hjá henni, eins og eflaust mörgum.

„Ég var nýstigin upp úr fæðing-arorlofi þegar Covid-19 fór á láta á sér kræla og ég var orðin þyrst í að finna taktinn aftur. Það breytti engu í mínu daglega „amstri“ að þetta fór í gang. Ég hitti í raun ekkert færri eða neitt þannig. Ef eitthvað þú opnaði þetta bara dyr fyrir mig og samstarfskonur mínar að opna Kiosk upp á nýtt og það glæddi sko sköpunargáfu mína lífi fyrir allan peninginn, ég er með svo margt í pípuunum að ég hef næstum ekki tíma til að sofa,“ segir Helga Lilja.

Finnst þér áhugi Íslendinga hafa aukist í heimsfaraldrinum, er fólk gjarnara á að vilja styðja íslenska hönnuði?

„Íslendingar hafa mikinn áhuga á íslenskri hönnun og hafa alltaf haft það að mínu mati. Núna hafa þeir, sem venjulega hafa eitthvað á milli handanna, lítið verið að skella sér til útlanda að njóta, svo það er ekki verið að eyða mörgum hundruðum þúsunda í þannig ævintýri. Það skilar sér að sjálfsögðu aftur til okkar. Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að kreppa glæðir hönnun og myndlist lífi. Það er yndislegur tími og gósentíð fyrir okkur.“

Samhæði sunddansinn fer fram í dag í Vesturbæjarlaug klukkan 16:30 og 17:30 og allir eru velkomnir. Aðgangur í laugina er ókeypis fyrir gesti HönnunarMars, og líkt og áður kom fram fá fyrstu gestir veglega gjafapoka. ■

Útskriftar-
tilboð

ÍSLENSK HÖNNUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Libby's®

***Þetta verður
grillað sumar***



Hreimur fer ótroðna slóð niður í Herjólfsdal



Þórarinn Þórarinnsson
thorarinn
@frettabladid.is

Hreimur Örn Heimisson semur og syngur þjóðhátíðarlagið í ár en þar sem tuttugu ár eru síðan hann gerði eitt þekktasta þjóðhátíðarlag síðari tíma, Lífið er yndislegt, þótti tilvalið að fá hann til þess að endurtaka leikinn. Nýja lagið heitir Göngum í takt og í því segist hann feta ótroðnar slóðir.

„Ég vona að ég sé að skila góðu þjóðhátíðarlagi af mér. Ég er vodafone kátur með það,“ segir Hreimur Örn Heimisson um nýja þjóðhátíðarlagið, Göngum í takt, og bætir við að Vignir Snær Vigfússon hafi unnið lagið með honum „frá a til ö“, eins og hann orðar það.

„Eðli málsins samkvæmt var náttúrulega engin hátíð í fyrri. Þannig fór þetta bara og nú er komið að okkur að starta þessu upp á nýtt og við erum bara klár í það,“ segir Hreimur sem einnig á heiðurinn af einu þekktasta þjóðhátíðarlagi síðari tíma, Lífið er yndislegt, sem hann flutti með hljómsveit sinni Landi og sonum fyrir sléttum tveimur áratugum.

„Lífið er yndislegt kom út 1. júní 2001 þannig að það eru komin 20 ár, bara á næstu vikum, og ég fékk símtal einhvern tímann upp úr áramótunum og var spurður hvort það væri ekki kominn tími á nýtt lag frá mér svona í ljósi þess að Lífið er yndislegt er tuttugu ára gamalt og ég bara tók þessari áskorun fagnandi.“

Senubjófurinn Magni

Hreimur segir að þar sem hann standi á þessum tímamótum með Lífið er yndislegt hafi honum þótt liggja beint við að kalla Magna Ásgeirsson til aftur en hann söng Lífið er yndislegt með honum á sínum tíma.

„Ég fékk Magna að sjálfsgöðu með mér aftur þannig að hann syngur líka í þessu lagi eins og hann gerði í Lífið er yndislegt og nær þínu að stela senunni aftur eins og hann gerði fyrir 20 árum. Honum er lagið að stela þrumunni minni.“

Svo syngur hún Embla Margrét, dóttir mína, líka með mér í þessu lagi. Hún verður sextán ára á þessu ári og var ekki fædd þegar Lífið er yndislegt kom út. Þannig að það er falleg saga á bak við þetta allt saman.“

Gengið í takt

Hreimur lagði einnig upp með að segja fallega sögu í Göngum í takt og kalla fram tilfinningu sem hann telur nánast alla þjóðhátíðargesti þekkja. „Ég reyni að nálgast þjóðhátíðina frá öðru sjónarhorni og



Sígildi senubjófurinn Magni, Embla Margrét og Hreimur Örn ganga í takt og syngja nýja þjóðhátíðarlagið hans Hreims saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Göngum í takt

Allir í bátana yfir á eyjuna, förum í ferðalag. Ég vona að ég hitti þig, hátt upp í brekkunni. Við sitjum hlið við hlið.

Þegar eldar lýsa upp ský, við erum komin saman á ný og þessi hátíð byrjar upp á nýtt.

Við förum inn í dal, við hittum ykkur þar. Syngjum saman öll, göngum í takt og búum til minningar. Við förum inn í dal, við hittum ykkur þar. Syngjum saman öll, göngum í takt og búum til minningar.

Við sitjum á sama stað, horfum á brennuna, fuðra upp í nóttina. Svo syngjum við söngvana,

kannski missum við röddina, en öllum er sama um það.

Og þegar eldar lýsa upp ský, við erum komin saman á ný. Þessi hátíð byrjar upp á nýtt.

Við förum inn í dal, við hittum ykkur þar. Syngjum saman öll, göngum í takt og búum okkur til minningar. Við förum inn í dal, við hittum ykkur þar. Syngjum saman öll, göngum í takt og búum okkur til minningar.

Við komum alltaf aftur, Herjólfsdalur heilsar okkur. Við tökum höndum saman. Við erum þjóðhátíð!!!

ég held að akkúrat þessi nálgun hafi ekki verið reynd áður,“ segir Hreimur.

„Í þessu lagi er ég að einblína á eftirvæntinguna eftir því að fara niður í Dal. Allir sem hafa farið á þjóðhátíð kannast við tilfinninguna að labba niður eftir og með hverju skrefi sem þú tekur færast þú nær Dalnum og þá byggist upp svona eftirvænting og spennan. Lagið fjallar svolítið mikið um þessa göngu og

þess vegna heitir það Göngum í takt.“

Sjáumst í Dalnum

Hverjir hafa ekki sagt á þjóðhátíð: Heyrðu, við erum að fara niður í Dal. Við hittum ykkur þar. Við sjáumst niðri í Dal. Það er alltaf eitthvað svona. Allir að drífa sig niður eftir á ákveðnum tímamarki og um það er lagið. Að fara þarna niður í Dal,“ segir Hreimur sem að sjálf-



Ég var spurður hvort það væri ekki kominn tími á nýtt lag frá mér svona í ljósi þess að Lífið er yndislegt er tuttugu ára gamalt og ég bara tók þessari áskorun fagnandi.

sögðu gjörþekkir þessa tilfinningu eftir ófáa slíka göngutúra.

„Já, heldur betur. Heldur betur. En ég hef aldrei farið á þjóðhátíð öðruvísi en sem listamaður og til þess að skemmta. Ég er náttúrulega svo ungur þegar við förum fyrst, 1997. Þá er ég nýorðinn nítján,“ segir Hreimur sem örfáum árum síðar söng um yndislega lífið sem var rétt að byrja „undir stjórnusalnum inn í Herjólfsdalnum“ og endurtekur nú leikinn tuttugu árum síðar en þó enn nógu ungur og hress til þess að geta hrist fram alvöru þjóðhátíðarlag sem verður frumflutt í næstu viku og fer síðan lóðbeint inn á Spotify og í útvarp. ■

Í LOFTINU

BÍTIÐ

VIRKA DAGA 06:50-10:00

SÆKTU NÝJA APPIÐ!

BYLGJAN

989

NÓA



Alls konar

UPPÁHALDS!

Áttu þér uppáhalds lakkrís? Er það hjúplakkrís, saltlakkrís, hlauplakkrís eða bara alls konar lakkrís? Þá er nýja Nóa lakkrísblandan einmitt málið - því þar er alls konar uppáhalds!

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Svanborgar
Sigmarsdóttur



Kæri Keli

Ég á góðan vin í hverfinu. Hann Kela, sem heilsar upp á mig nánast daglega. Við spjöllum um daginn og veginn. Jafnvel leyfir hann mér að þusa um pólitík, þrátt fyrir berlegt áhugaleysi hans megin. Svo tilkynnir hann að hann sé ósköp svangur og vill lítið hlusta þegar honum er sagt að borða heima hjá sér. Þess í stað fæ ég ræður um að diskarnir hjá mér séu svo finir sem geri matinn girnilegri. Framsetning er jú allt.

Fyrsta árið bauð hann oft vinum sínum í mat hingað. Fannst tilvalið þegar þeir voru úti að leika að kíkja hér við. Hann á hvort eð er heiminn. Þegar lífið er óþarflega flókið tilkynnir hann svo að hann sé fluttur til mín. Þá þurfi hann ekki að takast á við leiðindi, eins og yngri bróður. Ég finn hann sofandi í sófanum og hef vaknað við hann í rúminu mínu. Svo er hann mun duglegri en mínir eigin kettir að reka ókunna af lóðinni.

Keli er auðvitað köttur. Einn skemmtilegasti köttur sem ég hef kynnst. Og ef ég vissi ekki að hann ætti dásamlegt heimili, þar sem dekrað er við hann á tá og fingri, mætti hann svo sannarlega hjá mér búa. Þess í stað fær hann smá spjall áður en ég hendi honum út.

Nú er Keli minn að flytja í annað hverfi og spjallstundir okkar að líða undir lok. Því er rétt að segja bless og takk fyrir góðar stundir. Vonandi finnur þú fleiri nágranna í nýja hverfinu sem taka á móti þér með kostum og kynjum. Þinn heimur er stærri en þetta hverfi. ■

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTIVANGUR
VIÐSKIPTALÍFSINS



Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN




VEFVERSUN

www.betrabak.is

25%
AFSLÁTTUR
STILLANLEGIR DAGAR

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT
STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/miður höfðalag
- Upp/miður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd



DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

C&J stillanlegur Platinum botn

Með Hollandia Lili latex heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 349.900 kr.

Tilboð 262.452 kr.

Með Tempur Original, Cloud eða Firm heilsudýnu, 90 x 200 cm. Fullt verð: 419.900 kr.

Tilboð 314.925 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótör þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur


VIVANT SPLENDID ROYAL STILLANLEGT RÚM FRÁ SERTA MED HÖFUÐGAFLI STILLANLEGT RÚM MED ÞRÁÐLAUSRI FJARSTÝRINGU SEM KEMUR ÞÉR Í ÞÁ STÖÐU SEM ÞÉR HENTAR.

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er fimm svæða skipt pokagorma dýna þar sem hreyfingar þínar trufla ekki rekkjunaut þinn. Góður stuðningur er við bakið en mýkra gormakerfi er við axlir og mjadmasvæðið. Þannig liggur þú alltaf með beina hryggsúlu og nærð hámarks hvíld. Hægt er að sérsníða rúmið að þínum þörfum, velja um 3 mismunandi stífleika sem og fjórar mismunandi topp dýnur. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar vel.

Dýnan í rúminu er heil en efsta lag hennar fer í tvennt þegar rúmið er stillt upp, því þarftu aldrei að hafa áhyggjur af því að bil komi á milli dýnanna.

Vivant Splendid Royal stillanlegt með gafli, 2x80x200 cm. Fullt verð: 499.900

Tilboð 374.925 kr.



Aukahlutir á mynd eru náttborð.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 12-18 | Lau. 12-16
www.betrabak.is

Betra
BAK